

# Litli málfræðingurinn



**Þorbjörg Halldórsdóttir tók saman**

**2013**



## Efnisyfirlit

1 Fallorð .....	5
1.1 Inngangur.....	5
1.2 Nafnorð.....	8
1.3 Lýsingarorð .....	13
1.4. Töluorð .....	21
1.5 Fornöfn .....	27
1.5.1 Persónufornöfn.....	27
1.5.2 Eignarfornöfn.....	30
1.5.3 Spurnarfornöfn .....	33
1.5.4 Óákveðin fornöfn .....	34
1.5.5 Ábendingarfornöfn.....	44
2. Sagnorð.....	46
2.1 Inngangur.....	46
2.2 Sagnareglur .....	47
2.2.1 Nútíð.....	47
2.2.2 Þátíð.....	48
2.2.3 Listi yfir algengar sagnir í kennimyndum (og 1. persónu eintölu).....	54
2.3 Hættir og fleira .....	61
2.3.1 Sagnasambönd .....	61
2.3.2 Boðháttur.....	64
2.3.3 Lýsingarháttur.....	66
2.3.4 Viðtengingarháttur .....	71
2.4 Myndir .....	79
2.4.1 Germynd .....	79
2.4.2 Miðmynd.....	79
2.4.3 Þolmynd .....	82
3 Óbeygjanleg orð .....	83
3.1 Inngangur.....	83
3.2 Atviksorð.....	84
3.3 Forsetningar.....	87
3.4 Samtengingar .....	92



# 1 Fallorð

## 1.1 Inngangur

Fallorð í íslensku eru *nafnorð*, *lýsingarorð*, *töluorð* og *fornöfn*. Þessi orð fallbeygjast. Í íslensku eru fjögur föll: *nefnifall*, *þolfall*, *þágufall*, *eignarfall*.

### Grunnsetningagerð

- Orðaröð í íslensku er

Frumlag – sögn – andlag

Dæmi: *Ég elska þig*

- *Frumlag* er oftast í *nefnifalli* og er venjulega næst á undan sögninni. Frumlagið táknar oft *geranda*. *Gerandi* er sá sem „gerir“ það sem sögnin felur í sér.
- *Andlag* er í aukafalli (þolfalli, þágufalli eða eignarfalli) og kemur á eftir sögninni.

*Beint andlag* er langoftast í þolfalli og táknar *þolanda*. *Þolandi* er maður eða hlutur sem verður fyrir verknaðinum sem sögnin segir til um.

*Óbeint andlag* er langoftast í þágufalli og táknar *þiggjanda*. *Þiggjandi* er sá sem tekur við eða nýtur góðs af verknaðinum sem felst í sögninni.

### Fallstýring

Sagnir og forsetningar stýra föllum.

Dæmi: *Ég tala íslensku* (tala stýrir þolfalli)  
*Viltu hjálpa mér?* (hjálpa stýrir þágufalli)  
*Gjöfin er til þín* (til stýrir eignarfalli)  
*Hann hugsar um konuna* (um stýrir þolfalli)

### Föllin – hvenær notum við þau?

#### Nefnifall (nf)

Frumlag er í nefnifalli.  
Fallorð eru gefin upp í nefnifalli í orðabókum.

Sagnfylling er í nefnifalli. Sagnirnar *vera*, *heita* og *verða* taka sagnfyllingu.

Dæmi: *Ég er kona* (vera tekur nefnifall)  
*Hún heitir Anna* (heita tekur nefnifall)  
*Ég verð læknir þegar ég verð stór* (verða tekur nefnifall)

- **þolfall (þf)**

Beint andlag er oftast í þolfalli.

Mjög margar sagnir stýra þolfalli. Dæmi: *tala*, *borða*, *sjá*, *eiga*

Dæmi: *Kristín talar frönsku* (tala stýrir þolfalli)  
*Ég borða kjúkling* (borða stýrir þolfalli)  
*Ég sé þig* (sjá stýrir þolfalli)  
*Þú átt bíl* (eiga stýrir þolfalli)

- Nokkrar forsetningar stýra þolfalli. Dæmi: *um*, *kringum*, *í*, *með*

Dæmi: *Ég hugsa oft um mat* (um stýrir þolfalli)  
*Börnin hlaupa kringum skólann* (kringum stýrir þolfalli)  
*Ég fer í vinnuna* (í stýrir þolfalli)\*  
*Ég fer út með ruslið* (með stýrir þolfalli)\*

\*forsetningarnar *í* og *með* stýra líka þágufalli. Sjá kafla 3.3

- **þágufall (þgf)**

Óbeint andlag er oftast í þágufalli.

Sumar sagnir stýra þágufalli og þolfalli. Dæmi: *rétta*, *gefa*, *segja*.

Dæmi: *Hann réttir henni pennann* (rétta stýrir þágufalli og þolfalli)  
*Ég gaf honum bókina* (gefa stýrir þágufalli og þolfalli)  
*Viltu segja mér sögu* (segja stýrir þágufalli og þolfalli)

Sumar sagnir stýra aðeins þágufalli. Dæmi: *hjálpa*, *skipta*, *loka*.

Dæmi: *Get ég hjálpað þér?* (hjálpa stýrir þágufalli)  
*Ég skipti peningunum* (skipta stýrir þágufalli)  
*Viltu loka glugganum* (loka stýrir þágufalli)

Margar forsetningar stýra þágufalli. Dæmi: *frá*, *hjá*, *úr*, *undir*, *handa*

Dæmi: *Gjöfin er frá mér* (frá stýrir þágufalli)  
*Veislan er heima hjá þeim* (hjá stýrir þágufalli)  
*Úrið er úr gulli* (úr stýrir þágufalli)  
*Kisan er undir sófanum* (undir stýrir þágufalli)  
*Maturinn er handa gestunum* (handa stýrir þágufalli)

- **Eignarfall**

Tjáir eign og er oft notað í samböndum tveggja nafnorða þar sem fyrri orðið táknað eign og það síðara eiganda. Síðara orðið er í eignarfalli.

Dæmi: *Helgi Jónsson*  
*Konan hans*  
*Bók Önnu*

Örfáar sagnir stýra eignarfalli. Dæmi: *sakna, gæta*

Dæmi: *Ég sakna þín* (sakna stýrir eignarfalli)  
*Við gætum barnsins* (gæta stýrir eignarfalli)

Margar forsetningar stýra eignarfalli. Dæmi: *til, án, vegna, á milli*

Dæmi: *Síminn er til þín* (til stýrir eignarfalli)  
*Hann getur ekki lifað án hennar* (án stýrir eignarfalli)  
*Hann kom til Íslands vegna vinnunnar* (vegna stýrir eignarfalli)  
*Hún situr á milli mín og þín* (á milli stýrir eignarfalli)

## 1.2 Nafnorð

Nafnorð eru *heiti* á öllu mögulegu, t.d. hlutum, fólki, dýrum, tilfinningum og nánast hverju sem er og ýmist hægt að snerta eða ekki. Þau skiptast í samnöfn (almenn heiti) og sérnöfn (nöfn).

Dæmi:

Samnöfn – (snertanleg): *borð, maður, barn, köttur, búð*

Samnöfn – (ósnertanleg): *ást, reiði, hugmynd, líf, vandamál*

Sérnöfn: *Jón, Helga, Skotta, Hagkaup*

## Kyn

Nafnorð hafa *kyn*: *karlkyn, kvenkyn* eða *hvorugkyn*.

Ein leið til að þekkja kyn nafnorða er að skoða endingarnar.

Dæmi:

*Karlkyn – (hann): jakki, strákur, bíll, steinn, bær, læknir*

*Kvenkyn – (hún): stelpa, æfing, skoðun, bók, mynd*

*Hvorugkyn – (það): auga, brauð, barn, epli*

## Helstu flokkar nafnorða

*Veik nafnorð* enda á **-i** í karlkyni (*jakki*), **-a** í kvenkyni (*stelpa*) og **-a** (*auga*) í hvorugkyni. Þessi orð beygjast á reglulegan hátt en hafa þarf í huga a-víxl ef **a** er í stofni orðsins (*kaka – köku*) (sjá nánar um a-víxl í kafla 2.2.1).

Beyging veikra nafnorða er mjög regluleg:

Eintala:

karlkyn	kvenkyn	kvenkyn	hvorugkyn
nf. jakki	nf. stelpa	nf. kaka	nf. auga*
þf. jakka	þf. stelpu	þf. köku	þf. auga
þgf. jakka	þgf. stelpu	þgf. köku	þgf. auga
ef. jakka	ef. stelpu	ef. köku	ef. auga



\* Veik hvorugkyns nafnorð eru sjaldgæf. Flest eru orð yfir líkamshluta: eyra, lunga, hjarta, nýra.

*Sterk nafnorð* enda á *-ur, -ll, -nn, -ir, -r* í karlkyni, eru endingarlaus (*-ng, -un*) í kvenkyni og endingarlaus í hvorugkyni (stundum *-i*).

karlkyn

nf. strákur	nf. bíll	nf. steinn	nf. bær
þf. strákr	þf. bíll	þf. steinn	þf. bæ
þgf. stráki	þgf. bíll	þgf. steini	þgf. bæ
ef. stráks	ef. bíls	ef. steins	ef. bæjar

kvenkyn

nf. mynd	nf. æfing	nf. bók	nf. skoðun
þf. mynd	þf. æfingu	þf. bók	þf. skoðun
þgf. mynd	þgf. æfingu	þgf. bók	þgf. skoðun
ef. myndar	ef. æfingar	ef. bókar	ef. skoðunar

hvorugkyn

nf. brauð	nf. barn	nf. epli
þf. brauð	þf. barn	þf. epli
þgf. brauði	þgf. barni	þgf. epli
ef. brauðs	ef. barns	ef. eplis

### Óþolandi undantekningar!!

Dæmi um nafnorð með endingar sem passa ekki inn í skiptinguna.

kk: Sturla

kvk: heiði, Hildur, Unnur

hk: veður, leður, hreiður

## Eintala – fleirtala

Flest nafnorð geta verið í eintölu og fleirtölu eftir því hvort verið er að tala um einn eða marga. Hér er átt við það sem er teljanlegt. Ef svo er ekki er það oftast í eintölu. Dæmi: *kaffi, ást*. Sum orð eru bara til í fleirtölu. Dæmi: *skæri, buxur*.

Langflest karlkynsorðin enda á *-ar* í fleirtölu, nefnifalli og hafa sömu endingar í öllum föllum (þó ekki orðið *bær* sem tekur endinguna *-ir* í ft. Einnig orðið *vinur - vinir*).

Fleirtala:

karlkyn

nf. jakkar	nf. strákar	nf. bílar	nf. steinar	nf. bæir
þf. jakka	þf. stráka	þf. bíla	þf. steina	þf. bæi
þgf. jökkum	þgf. strákum	þgf. bílum	þgf. steinum	þgf. bæjum
ef. jakka	ef. stráka	ef. bíla	ef. steina	ef. bæja

kvenkyn, *--ir* eða *-ar* í fleirtölu. Veika beygingin tekur alltaf *-ur*.

nf. stelpur	nf. myndir	nf. æfingar	nf. bækur	nf. skoðanir
þf. stelpur	þf. myndir	þf. æfingar	þf. bækur	þf. skoðanir
þgf. stelpum	þgf. myndum	þgf. æfingum	þgf. bókum	þgf. skoðunum
ef. stelpna	ef. mynda	ef. æfinga	ef. bóka	ef. skoðana

Endingarlaus hvorugkynsorð eru oft eins í eintölu og fleirtölu nema *a sé* stofnsérhljóðið, þá eiga *a-víxl sér stað* (et. *barn – ft. börn*). Hvorugkyns orð sem enda á *-i* breytast ekki. Veiku hvorugkynsorðin sem enda á *-a* taka *-u* endingu í fleirtölu.

hvorugkyn

nf. brauð	nf. börn	nf. epli	nf. augu
þf. brauð	þf. börn	þf. epli	þf. augu
þgf. brauðum	þgf. börnum	þgf. eplum	þgf. augum
ef. brauða	ef. barna	ef. epla	ef. augna

## Málfræðilegt kyn og náttúrulegt kyn

Málfræðilegt kyn og náttúrulegt kyn fer ekki alltaf saman. Málfræðilegt kyn orða yfir mannfólk er þó langoftast í samræmi við náttúrulegt kyn.

Orð yfir dauða hluti eru ýmist karlkyns, kvenkyns eða hvorugkyns.

Ákveðin orð yfir fjölskyldumeðlimi hafa náttúrulegt kyn í samræmi við málfræðilegt kyn en beygjast eins og tilheyra sama beygingarflokki. Þessi orð eru: *móðir, dóttir, systir, faðir og bróðir*.

fall	eintala	fleirtala	eintala	fleirtala	eintala	fleirtala
nf	móðir	mæður	dóttir	dætur	systir	systur
þf	móður	mæður	dóttur	dætur	systur	systur
þgf	móður	mæðrum	dóttur	dætrum	systur	systrum
ef	móður	mæðra	dóttur	dætra	systur	systra

fall	eintala	fleirtala	eintala	fleirtala
nf	faðir	feður	bróðir	bræður
þf	föður	feður	bróður	bræður
þgf	föður	feðrum	bróður	bræðrum
ef	föður	feðra	bróður	bræðra

## Greinir

Ákveðinn greinir gerir orðin ákveðin.

Greininum er skeytt við orðið:

Eintala:

karlkyn:	-(i)nn	kvenkyn:	-(i)n	hvorugkyn:	-(i)ð
	<b>jakkin</b>		<b>stelp</b>		<b>brauðið</b>

Fleirtala:

karlkyn:	-nir	kvenkyn:	-nar	hvorugkyn:-	(i)n
	<b>jakkarnir</b>		<b>stelpurnar</b>		<b>brauðin</b>

Greinirinn fallbeygist með orðinu í eintölu og fleirtölu. Sjá heildaryfirlit yfir nafnorðabeygingar aftast í kaflanum.

## Nafnorðabeygingar - Heildaryfirlit

Karlkyn (kk)					kvenkyn (kvk)				Hvorugkyn (hk)			
Eintala (et)		Fleirtala (ft)			Eintala (et)		Fleirtala (ft)		Eintala (et)		Fleirtala (ft)	
nf	jakki	nn	jakkar	nir	stelpa	n	stelpur	nar	auga	ð	augu	n
þf	jakka	nn	jakka	na	stelpu	na	stelpur	nar	auga	ð	augu	n
þgf	jakka	num	jökku(m)	num	stelpu	nni	stelpu(m)	num	auga	nu	augu(m)	num
ef	jakka	ns	jakka	nna	stelpu	nnar	stelpna	nna	auga	ns	augna	nna
nf	strákur	inn	strákar	nir	mynd	in	myndir	nar	brauð	ið	brauð	in
þf	strák	inn	stráka	na	mynd	ina	myndir	nar	brauð	ið	brauð	in
þgf	strák(i)	num	stráku(m)	num	mynd	inni	myndu(m)	num	brauði	nu	brauðu(m)	num
ef	stráks	ins	stráka	nna	myndar	innar	mynda	nna	brauðs	ins	brauða	nna
nf	bíll	inn	bílar	nir	æfing	in	æfingar	nar	barn	ið	börn	in
þf	bíl	inn	bíla	na	æfingu	na	æfingar	nar	barn	ið	börn	in
þgf	bíl(i)	num	bílu(m)	num	æfingu	nni	æfingu(m)	num	barni	nu	börnu(m)	num
ef	bíls	ins	bíla	nna	æfingar	innar	æfinga	nna	barns	ins	barna	nna
nf	steinn	inn	steinar	nir	pöntun	in	pantanir	nar	epli	ð	epli	n
þf	stein	inn	steina	na	pöntun	ina	pantanir	nar	epli	ð	epli	n
þgf	steini	num	steinu(m)	num	pöntun	inni	pöntunu(m)	num	epli	nu	eplu(m)	num
ef	steins	ins	steina	nna	pöntunar	innar	pantana	nna	eplis	ins	epla	nna
nf	bær	inn	bæir	nir	bók	in	bækur	nar				
þf	bæ	inn	bæi	na	bók	ina	bækur	nar				
þgf	bæ	num	bæju(m)	num	bók	inni	bóku(m)	num				
ef	bæjar	ins	bæja	nna	bókar	innar	bóka	nna				

### 1.3 Lýsingarorð

Lýsingarorð lýsa hlutum, fólki, dýrum, stöðum o.s.frv.

Dæmi:

**Stórt** hús, **falleg** kona, **loðinn** köttur, **góður** staður, **blár** himinn, **skemmtileg** bók

Lýsingarorð lýsa nafnorðum. Þau geta staðið á eftir sögninni *að vera*.

Dæmi: Skólinn er **skemmtilegur**

...eða með nafnorðinu og þá oftast á undan nafnorðinu

*Þetta er **skemmtilegur** skóli*

Lýsingarorð beygjast í föllum, kynjum og tölu. Þau laga sig að nafnorðinu sem þau lýsa og eru í sama falli, kyni og tölu og nafnorðið.

Dæmi:

*Ég borðaði **góðan** kjúkling í gær* (karlkyn, eintala, þolfall)

*Elsa býr hjá **góðum** vinkonum sínum* (kvenkyn, fleirtala, þágufall)

Lýsingarorð eru einu fallorðin sem stigbreytast (frumstig, miðstig, efstastig).

Dæmi: *góður – betri - bestur*

### Kyn

Lýsingarorð tekur á sig kyn nafnorðsins sem það lýsir og getur verið í karlkyni, kvenkyni og hvorugkyni.

Dæmi:

(sterk ending) *duglegur* maður, *dugleg* kona, *duglegt* barn

(veik ending) *duglegi* maðurinn, *duglega* konan, *duglega* barnið

### Föll

Lýsingarorð beygjast í föllum, bæði veik og sterk.

- **Veik beyging.** Nafnorðið er ákveðið, með greini, eða ábendingarfornafni (*þessi*).

Dæmi: **Guli** bíllinn. **Þessi guli** bíll. *Ég á gula* bíllinn. *Ég á þennan gula* bíl.

Veikar beygingarendingar lýsingarorða í eintölu eru þær sömu og veikar beygingarendingar nafnorða í öllum föllum í eintölu. (Eins og nafnorðin *jakki*, *stelpa*, *auga*).

Veikar endingar í nefnifalli, eintölu  
(kk) **-i**, (kvk), **-a**, (hk), **-a**

Í öðrum föllum: (kk) **-a** (kvk), **-u**, (hk), **-a**

Dæmi:

*skemmtilegi maðurinn* (nefnifall)  
*skemmtilega konan* (nefnifall)  
*skemmtilega barnið* (nefnifall)

*Ég elska skemmtilega manninn* (þolfall)  
*Ég elska skemmtilegu konuna* (þolfall)  
*Ég elska skemmtilega barnið* (þolfall)

Veikar endingar í öllum föllum, fleirtölu  
(kk), (kvk), (hk) **-u**

Dæmi:

*Skemmtilegu mennirnir. Ég hitti skemmtilegu mennina.* (þolfall)  
*Skemmtilegu konurnar. Ég man eftir skemmtilegu konunum.* (þágufall)  
*Skemmtilegu börnin. Ég elska skemmtilegu börnin.* (þolfall)

- **Sterk beyging.** Nafnorðið er óákveðið, ekki með greini.

Dæmi: **Gulur** bíll. Ég á **gulan** bíl.

Reglulegar kynjaendingar lýsingarorða:

(kk) **-ur**, (kvk) **-i**, (hk) **-t**

Dæmi: *Duglegur* maður, *dugleg* kona, *duglegt* barn

Aðrar endingar :

(kk) **-nn**, (kvk) **-n**, (hk) **-ð**

Dæmi: *Fyndinn* maður, *fyndin* kona, *fyndið* barn

(kk) **-ll**, (kvk) **-l**, (hk) **-lt**

Dæmi: *gamall* maður, *gömul* kona, *gamalt* hús

(kk) **-r** (kvk) **-i**, (hk) **-tt** (stofn orðs endar á sérhljóða)

Dæmi: *blár* jakki, *blá* kápa, *blátt* hús

## Fleirtala

Lýsingarorð laga sig einnig að tölu nafnorðsins sem þau standa með. Þau fá sömu sterku fleirtöluendingarnar og ákveðinn greinir í karlkyni og kvenkyni. Fleirtöluendingin í hvorugkyni, nefnifalli, er sú sama og kvenkyni, eintölu.

Fleirtöluendingar (sterkar) : (kk) **-ir**, (kvk) **-ar**, (hk), **-(x)**

Dæmi: *Skemmtileg**ir** strákar, góð**ir** bílar, flott**ir** jakkar*  
*Skemmtileg**ar** konur, góð**ar** bækur, flott**ar** myndir*  
*Skemmtileg börn, góð epli, flott hús*

Fleirtöluendingar þegar lýsingarorðið endar á **-nn/-ll, -n/-l, -ð/-lt**:

(kk) **-nir/-lir**, (kvk) **-nar/-lar**, (hk), **-(i)n/-l**

Dæmi:

*Fynd**nir** menn, fynd**nar** konur, fynd**in** börn*  
*Græn**nir** stólar, græn**ar** myndir, græn blöð*  
*Gaml**ir** menn, gaml**ar** konur, gömul hús*

## Óbeygjanleg lýsingarorð

Lýsingarorð sem enda á sérhljóði þ.e hafa endingarnar **-a** eða **-i** eru óbeygjanleg. Þau eru alltaf eins, sama í hvaða falli, kyni eða tölu þau standa!

Dæmi: *hissa, einmana**a**, hugs**i**, sofand**i**, undrand**i**.*

*Konan var **hissa** á manninum*  
*Konurnar voru **hissa** á mönnunum*  
*Ég horfi á **sofandi** stelpuna*  
*Við mættum mörgum **undrandi** andlitum*

## Stigbreyting

Lýsingarorð eru einu fallorðin sem stigbreytast.

Miðstig er notað í samanburði tveggja (2) og er myndað með endingunum (kk og kvk) **-ri** og (hk) **-ra**

Dæmi:

*Anna er skemmtileg**ri** en Jón*  
*Jón er dugleg**ri** en Anna*  
*Nýja húsið er fallegra en gamla húsið*

Miðstigið er eins í öllum föllum.

Efstastig er líka notað í samanburði ef um eitthvað þrennt (3) eða fleira er að ræða. Efstastig er myndað með endingunum (kk) **-(a)stur** (kvk) **-(u)st** og (hk) **-(a)st**.

Dæmi:

*Alli, Kiddi og Gunni eru allir duglegir, en Kiddi er dugleg**astur**. (kk)  
Helga er dugleg**ust** af öllum í bekknum.(kvk)  
Hvaða dýr er fljó**tast** að hlaupa?(hk)*

Efstastigið beygist í föllum og getur tekið á sig bæði veika og sterka beygingu. Veika beygingin er miklu algengari ef orðið stendur **með nafnorði**.

Dæmi:

*Sæt**asti** strákurinn í bekknum heitir Bjarni  
Hann gaf dugleg**ustu** stelpunni verðlaun  
Þau eiga falleg**asta** barnið í öllum heiminum*

Í stigbreytingu óbeygjanlegra lýsingarorða eru notuð atviksorðin **meira** og **mest**.

Dæmi:

*Ég er undrandi. Anna er **meira** undrandi. Helga er **mest** undrandi!*

Óregluleg stigbreyting fyrir orðið slæmur. Til að segja að eitthvað sé aðeins betra en slæmt er notað orðið skárri:

slæmur– skárri- skástur

slæm – skárri – skást

slæmt – skárri – skást

*Það er skárri veður fyrir norðan en fyrir sunnan*



## Lýsingarorðabeygingar - heildaryfirlit

### Veik beyging eintala/fleirtala

fall	karlkyn et/ft	kvenkyn ef/ft	hvorugkyn et/ft
nf	góði / góðu	góða / góðu	góða / góðu
þf	góða / góðu	góðu / góðu	góða / góðu
þgf	góða / góðu	góðu / góðu	góða / góðu
ef	góða / góðu	góðu / góðu	góða / góðu
nf	stóri / stóru	stóra / stóru	stóra / stóru
þf	stóra / stóru	stóru / stóru	stóra / stóru
þgf	stóra / stóru	stóru / stóru	stóra / stóru
ef	stóra / stóru	stóru / stóru	stóra / stóru
nf	gamli / gömlu	gamla / gömlu	gamla / gömlu
þf	gamla / gömlu	gömlu / gömlu	gamla / gömlu
þgf	gamla / gömlu	gömlu / gömlu	gamla / gömlu
ef	gamla / gömlu	gömlu / gömlu	gamla / gömlu

### Sterk beyging

Karlkyn						
et.	nf. þf. þgf. ef.	góður góðan góðum góðs	harður harðan hörðum harðs	blár bláan bláum blás	grænn grænan grænum græns	skríttinn <i>skríttinn</i> skríttnum skríttins
ft.	nf. þf. þgf. ef.	góðir góða góðum góðra	harðir harða <i>hörðum</i> harðra	bláir bláa bláum blárra	grænir græna grænum grænna	skríttnir skríttna skríttnum skríttinna
Kvenkyn						
et.	nf. þf. þgf. ef.	góð góða góðri góðrar	hörð harða harðri harðrar	blá bláa blárri blárrar	græn græna grænni grænnar	skríttin skríttna skríttinni skríttinnar
ft.	nf. þf. þgf. ef.	góðar góðar góðum góðra	harðar harðar <i>hörðum</i> harðra	bláar bláar bláum blárra	grænar grænar grænum grænna	skríttnar skríttnar skríttnum skríttinna
Hvorugkyn						
et.	nf. þf. þgf. ef.	gott gott góðu góðs	hart hart hörðu harðs	blátt blátt bláu blás	grænt grænt grænu græns	skríttið skríttið skríttu skríttins
ft.	nf. þf. þgf. ef.	góð góð góðum góðra	hörð hörð <i>hörðum</i> harðra	blá blá bláum blárra	græn græn grænum grænna	skríttin skríttin skríttnum skríttinna

## Óregluleg fallbeyging tveggja algengra lýsingarorða

		karlkyn		kvenkyn		hvorugkyn	
et.	nf. þf. þgf. ef	lítill <i>lítinn</i> litlum lítils	mikill <i>mikinn</i> miklum mikils	lítill lítla lítilli lítillar	mikil mikla mikilli mikillar	<i>lítið</i> <i>lítið</i> litlu lítils	<i>mikið</i> <i>mikið</i> miklu mikils
ft.	nf. þf. þgf. ef	litlir litla litlum lítilla	miklir mikla miklum mikilla	litlar litlar litlum lítilla	miklar miklar miklum mikilla	lítill lítill litlum lítilla	mikil mikil miklum mikilla

### Dæmi um stigbreytingu lýsingarorða

	frumstig	miðstig	efstastig sterk/veik
kk	glaður	glaðari	glaðastur / glaðasti
kvk	glöð	glaðari	glöðust / glaðasta
hk	glatt	glaðara	glaðast / glaðasta
kk	kær	kærari	kærastur / kærasti
kvk	kær	kærari	kærust / kærasta
hk	kært	kærara	kærast / kærasta
kk	skemmtilegur	skemmtilegri	skemmtilegastur/ skemmtilegasti
kvk	skemmtileg	skemmtilegri	skemmtilegust/ skemmtilegasta
hk	skemmtilegt	skemmtilegra	skemmtilegast /skemmtilegasta
kk	fyndinn	fyndnari	fyndnastur / fyndnasti
kvk	fyndin	fyndnari	fyndnust / fyndnasta
hk	fyndið	fyndnara	fyndnast / fyndnasta

## Algeng óregluleg lýsingarorð – stigbreyting

	frumstig	miðstig	efstastig sterk
<b>eintala</b>			
kk	stór	stærri	stærstur
kvk	stór	stærri	stærst
hk	stórt	stærra	stærst
<b>fleirtala</b>			
kk	stórir	stærri	stærstir
kvk	stórar	stærri	stærstar
hk	stór	stærri	stærst
<b>eintala</b>			
kk	lítill	minni	minnstur
kvk	lítill	minni	minnst
hk	lítið	minna	minnst
<b>fleirtala</b>			
kk	litlir	minni	minnstir
kvk	litlar	minni	minnstar
hk	lítill	minni	minnst

	frumstig	miðstig	efstastig sterk
<b>eintala</b>			
kk	góður	betri	bestur
kvk	góð	betri	best
hk	gott	betra	best
<b>fleirtala</b>			
kk	góðir	betri	bestir
kvk	góðar	betri	bestar
hk	góð	betri	best
<b>eintala</b>			
kk	vondur	verri	verstur
kvk	vond	verri	verst
hk	vont	verra	verst
<b>fleirtala</b>			
kk	vondir	verri	verstir
kvk	vondar	verri	verstar
hk	vond	verri	verst
<b>eintala</b>			
kk	gamall	eldri	elstur
kvk	gömul	eldri	elst
hk	gamalt	eldra	elst
<b>fleirtala</b>			
kk	gamlir	eldri	elstir
kvk	gamlar	eldri	elstar
hk	gömul	eldri	elst

<b>eintala</b>			
kk	ungur	yngri	yngstur
kvk	ung	yngri	yngst
hk	ungt	yngra	yngst
<b>fleirtala</b>			
kk	ungir	yngri	yngstir
kvk	ungar	yngri	yngstar
hk	ung	yngri	yngst
	<b>frumstig</b>	<b>miðstig</b>	<b>efstastig sterk</b>
<b>eintala</b>			
kk	mjúkur	mýkri	mýkstur
kvk	mjúk	mýkri	mýkst
hk	mjúkt	mýkra	mýkst
<b>fleirtala</b>			
kk	mjúkir	mýkri	mýkstir
kvk	mjúkar	mýkri	mýkstar
hk	mjúk	mýkri	mýkst

## 1.4. Töluorð

### Frumtölur

Fjögur fyrstu töluorðin: 1,2,3,4 beygjast í kynjum. Núll (0) beygist ekki.

	kk	kvk	hk
1	einn	ein	eitt
2	tveir	tvær	tvö
3	þrír	þrjár	þrjú
4	fjórir	fjórar	fjögur

Töluorðin laga sig að kyni orðanna sem þau vísa til.

Dæmi: *einn maður, ein kona, eitt barn,*

*Tveir menn, tvær konur, tvö börn*

Fjögur fyrstu töluorðin: 1,2,3,4 beygjast líka í föllum

	kk	kvk	hk
nf	einn	ein	eitt
þf	einn	eina	eitt
þgf	einum	einni	einu
ef	eins	einnar	eins

	kk	kvk	hk
nf	tveir	tvær	tvö
þf	tvo	tvær	tvö
þgf	tveimur	tveimur	tveimur
ef	tveggja	tveggja	tveggja

	kk	kvk	hk
nf	þrír	þrjár	þrjú
þf	þrjá	þrjár	þrjú
þgf	þremur	þremur	þremur
ef	þriggja	þriggja	þriggja

	kk	kvk	hk
nf	fjórir	fjórar	fjögur
þf	fjóra	fjórar	fjögur
þgf	fjórum	fjórum	fjórum
ef	fjögurra	fjögurra	fjögurra

Töluorðin laga sig líka að falli orðanna sem þau vísa til

Dæmi:

*Ég ætla að fá **tvo** stóra bjóra (karlkyn, þolfall)*

*Myndin er af **fjórum** konum (kvenkyn, þágufall)*

*Ég hef komið til **þriggja** landa í Afríku (hvorugkyn, eignarfall)*

- Kennitala er í karlkyni, nefnifalli

Dæmi: 020344-3329= núll- tveir- núll- þrír- fjórir- fjórir- þrír- þrír- tveir- níu

- Símanúmer eru í karlkyni, nefnifalli  
Dæmi: 5532244 = fimm- fimm- þrír- tveir- tveir- fjórir- fjórir  
eða fimm- fimm –þrír- tuttugu og tveir- fjörutíu og fjórir
- Húsnúmer eru í hvorugkyni, nefnifalli.  
Dæmi: *Helga á heima á Aragötu eitt (1)*
- Klukkan. Þegar fólk segir hvað klukkan er, er notað hvorugkyn fyrir klukkuþímamann:  
Dæmi: *Hún er eitt, hún er tvö, hún er þrjú, hún er fjögur.*
- *Klukkutími* er samt karlkynsorð og þess vegna eru töluorðin í karlkyni þegar talað er um klukkutíma í öðru samhengi:

Dæmi: *Jón var í **tvo klukkutíma** að læra heima*

- Mínúta og sekúnda eru kvenkyns.

Dæmi:

*Klukkan er **tuttugu og þrjár mínútur** yfir tvö  
Það tók mig **tvær mínútur** að taka til  
Ég kem eftir **þrjár sekúndur***

- Krónur eru kvenkyns.

Dæmi: *Súkkulaðið kostar **sjötíu og tvær (72) krónur***

- Ár er hvorugkyns

Dæmi: *Júlía er fædd árið **nítján hundruð sjötíu og þrjú (1973)**  
Juan hefur búið á Íslandi í **fjögur ár***

- Aldur er gefinn upp í eignarfalli:

Dæmi: *Hann er **eins(1) árs**, hún er **tveggja(2) ára**, hann er **tuttugu og þriggja (23) ára**, hún er **þrjátíu og fjögurra (34) ára***

Önnur töluorð 5,6,7,8,9,10,11,12... beygjast ekki.

5	fimm	9	níu	13	þrettán	17	sautján	21	tuttugu og einn
6	sex	10	tíu	14	fjórtán	18	átján	22	tuttugu og tveir
7	sjö	11	ellefu	15	fimmtán	19	nítján	23	tuttugu og þrír
8	átta	12	tólf	16	sextán	20	tuttugu	24	tuttugu og fjórir

Tugir, hundruð, þúsund og milljón

10	tíu	50	fimmtíu	90	níutíu	1000	eitt þúsund
20	tuttugu	60	sextíu	100	hundrað	100.000	hundrað þúsund
30	þrjátíu	70	sjötíu	110	hundrað og tíu	1.000.000	ein milljón
40	fjörutíu	80	áttatíu	120	hundrað og tuttugu	10.000.000	tíu milljónir

Hundrað og þúsund eru hvorugkynsorð.

Dæmi:

100 = **eitt hundrað**, 200 = **tvö hundruð**, 300 = **þrjú hundruð**, 400 = **fjögur hundruð**  
1000 = **eitt þúsund**, 2000 = **tvö þúsund**, 3000 = **þrjú þúsund**, 4000 = **fjögur þúsund**

Milljón er kvenkynsorð

Dæmi:

1.000.000 = **ein milljón**, 2.000.000 = **tvær milljónir**, 3.000.000 = **þrjár milljónir**

### Hversu oft...atvikstöluorð og orðasambönd

Þegar segja skal hversu oft eitthvað er gert eru notuð orðasambönd í þágufalli eða atviksorð:

*einu sinni*  
*tvisvar (sinnum)*  
*þrisvar (sinnum)*  
*fjórum sinnum*  
*fimm sinnum, sex sinnum, sjö sinnum....*

Dæmi:

*Ég fer í skólann tvisvar í viku.*  
*Ég hef komið til Póllands fjórum sinnum.*

### Raðtölur

Raðtölur standa oft með nafnorðum eins og veik lýsingarorð. Dæmi:

Dæmi: **Fyrsti** maðurinn sem nam land á Íslandi var Ingólfur Arnarson.

Raðtölur geta líka verið sjálfstæðar (ekki með nafnorðum), nema raðtalan *fyrsti* sem fær á sig sterka mynd og er lýsingarorð þegar hún er sjálfstæð: *fyrstur*

Dæmi: *Jón var **fyrstur** (lýsingarorð)*  
*Helgi var **annar** (raðtala)*  
*Rúnar var **þriðji** (raðtala)*

1. fyrsti	11. ellefti	21. tuttugasti og fyrsti
2. annar	12. tólfti	22. tuttugasti og annar
3. þriðji	13. þrettándi	23. tuttugasti og þriðji
4. fjórði	14. fjórtándi	24. tuttugasti og fjórði
5. fimmti	15. fimmtándi	25. tuttugasti og fimmti
6. sjötti	16. sextándi	26. tuttugasti og sjötti
7. sjöundi	17. sautjándi	27. tuttugasti og sjöundi
8. áttundi	18. átjándi	28. tuttugasti og áttundi
9. níundi	19. níttjándi	29. tuttugasti og níundi
10. tíundi	20. tuttugasti	30. þrítugasti

Dæmi:

Dagsetningar eru gefnar upp í karlkyni, nefnifalli

01.01 = fyrsti janúar,  
06.03 = sjötti mars  
30.07 = þrítugasti júlí  
24.12 = tuttugasti og fjórði desember

Raðtölur beygjast eftir kynjum og föllum

karlkyn	kvenkyn	hvorugkyn
fyrsti	fyrsta	fyrsta
annar	önnur	annað
þriðji	þriðja	þriðja
fjórði	fjórða	fjórða
fimmti	fimmta	fimmta
sjötti	sjötta	sjötta
sjöundi	sjöunda	sjöunda

Eins og lýsingarorð laga raðtölurnar sig að kynjum nafnorðanna sem þær vísa til.  
Dæmi:

*Fyrsti maðurinn í röðinni heitir Gunnar  
Annar maðurinn heitir Páll  
Þriðji maðurinn heitir Björn*

*Fyrsta konan í röðinni heitir Lísá  
Önnur konan í röðinni heitir Anna  
Þriðja konan í röðinni heitir Rósa*

*Fyrsta barnið í röðinni heitir Sunna  
Annað barnið í röðinni heitir Máni  
Þriðja barnið í röðinni heitir Stella*



Raðtölur fallbeygjast eins og veik lýsingarorð.

eintala

	kk	kvk	hk
nf	fyrsti	fyrsta	fyrsta
þf	fyrsta	fyrstu	fyrsta
þgf	fyrsta	fyrstu	fyrsta
ef	fyrsta	fyrstu	fyrsta

Dæmi:

**Fyrsti** gesturinn kom klukkan sex. Ég talaði við **fyrsta** gestinn.  
**Fyrsta** jólasínáttakakann var góð. Ertu búinn að smakka **fyrstu** jólasínáttakökuna?  
Kennarinn heilsaði **fyrsta** barninu.

Afmælis dagar (kk, þolfall): *Ég á afmæli fyrsta janúar, sjötta mars, þrítugasta júlí, tuttugasta og fjórða desember*

Hæðir í húsum (kvk, þágufall) *Ég á heima á fyrstu hæð, þriðju hæð, fjórðu hæð*

Kaflar í bókum (kk): *Ég las fyrsta kaflann* (þolfall). *Fyrsti kaflinn var góður!* (nefnifall)

Fleirtalan endar á **-u** (*fyrstu, þriðju, fjórðu, fimmtu....*) í öllum kynjum og föllum nema *annar* (2.).

Dæmi: **Fyrstu** gestirnir komu klukkan sex (karlkyn, nefnifall).  
*Þetta eru fimmtu búurnar sem ég kaupði á þessu ári!* (kvenkyn, nefnifall)

*Annar* (2.) tekur óreglulega beygingu (og er eins og fornafrnið *annar*):

	kk	kvk	hk
nf	annar	önnur	annað
þf	annan	aðra	annað
þgf	öðrum	annarri	öðru
ef	annars	annarrar	annars

	kk	kvk	hk
nf	aðrir	aðrar	önnur
þf	aðra	aðrar	önnur
þgf	öðrum	öðrum	öðrum
ef	annarra	annarra	annarra

Afmælis dagar: *Ég á afmæli annan september*

Hæðir í húsum (kvk, þágufall): *Farðu upp á aðra hæð* (þolfall, kvenkyn)  
*Ég á heima á annarri hæð.* (þágufall, kvenkyn)

Kaflar í bókum: *Bókin byrjar að vera spennandi í öðrum kafla*

Fleirtala: Þetta eru **aðrar** buxurnar sem ég hef keypt í þessari viku  
Núna eru **önnur** jólin hans á Íslandi

## Fleirtölu töluorðin

Sum orð eru bara til í fleirtölu.

Dæmi: *buxur* (kvk,ft), *skæri* (hk,ft), *jól* (hk,ft), *gleraugu* (hk, ft)

Það er ekki hægt að nota venjuleg töluorð með þessum orðum! Við segjum **ekki eitt** *glerauga*, *tvær buxur*, *þrjú skæri* eða *tvö jól*, **heldur**: **ein** *gleraugu*, **tvennar** *buxur*, **þrenn** *skæri*, **fern** *jól*

En þetta á bara við um fyrstu fjögur töluorðin. Það er allt í lagi að segja **fimm** *buxur*, **fimm** *skæri*, **fimm** *jól*, **fimm** *gleraugu* (og allar tölur eftir fimm: **sex** *skæri*, **sjö** *buxur*...)

Þetta er líka notað með orðum sem lýsa pörum: **tvennir** *skór*, **þrennir** *sokkar*, **fernir** *eyrnalokkar*.

*Tvennir skór* = *tvö pör af skóm*

*þrennir sokkar* = *þrjú pör af sokkum*

*Fernir eyrnalokkar* = *fjögur pör af eyrnalokkum*

En passið samt að *fimm skór* er ekki það sama og *fimm pör af skóm*!!

Þessi töluorð fallbeygjast eins og lýsingarorð í fleirtölu:

	<b>karlkyn</b>	<b>kvenkyn</b>	<b>hvorugkyn</b>
nf	einir	einar	ein
þf	eina	einar	ein
þgf	einum	einum	einum
ef	einna	einna	einna

	<b>karlkyn</b>	<b>kvenkyn</b>	<b>hvorugkyn</b>
nf	tvennir	tvennar	tvenn
þf	tvenna	tvennar	tvenn
þgf	tvennum	tvennum	tvennum
ef	tvennra	tvennra	tvennra

	karlkyn	kvenkyn	hvorugkyn
nf	þrennir	þrennar	þrenn
þf	þrenna	þrennar	þrenn
þgf	þrennum	þrennum	þrennum
ef	þrennra	þrennra	þrennra

	karlkyn	kvenkyn	hvorugkyn
nf	fernir	fernar	fern
þf	ferna	fernar	fern
þgf	fernum	fernum	fernum
ef	fernra	fernra	fernra

## 1.5 Fornöfn

### 1.5.1 Persónufornöfn

- Persónufornöfn eru notuð fyrir nafnorð.
- Persónufornöfn koma í stað nafnorða.

Dæmi:

*Guðmundur er strákur. **Hann** er strákur. (Guðmundur=hann)*

*Anna er stelpa. **Hún** er stelpa. (Anna=hún)*

*Húsið er stórt. **Það** er stórt. (Húsið=það)*

- Persónufornöfn geta táknað hluti, en ekki bara fólk alveg eins og nafnorð. Persónufornöfn geta komið í staðinn fyrir hvaða nafnorð sem er, bæði snertanleg og ósnertanleg, sérnöfn og samnöfn.

- Eintala

Orðið *ég* er 1. persóna (fyrsta persóna), eintala.

Orðið *þú* er 2. persóna (önnur persóna), eintala.

Orðin *hann*, *hún* og *það* er 3. persóna (þriðja persóna), eintala.

3. persóna:

*Hann* er karlkyn

*Hún* er kvenkyn

*Það* er hvorugkyn

- Fleirtala

Orðið *við* er 1. persóna, fleirtala

Orðið *þið* er 2. persóna, fleirtala

Orðin *þeir*, *þær*, *þau* er 3. persóna, fleirtala

3. persóna

*Þeir* er karlkyn

*Þær* er kvenkyn

*Þau* er hvorugkyn

### **Persónufornöfn og nöfn**

Stundum eru persónufornöfnin *við* og *þið* notuð með nöfnum.

Dæmi:

*Við Jóhann förum stundum saman í búðir*

= *Ég og Jóhann förum stundum saman í búðir*

*Ertu að tala um ykkur Stefán?*

= *Ertu að tala um þig og Stefán?*


## Afturbeyging

Þegar andlag vísar til sömu persónu og frumlagið kallast það afturbeyging.

Dæmi:



Ég raka **mig**. (Ég er frumlag, mig er andlag)



Þú klæðir **þig** á morgnana. (þú er frumlag, þig er andlag).

Fyrir þriðju persónu er til sérstakt afturbeygt fornafn þegar andlag vísar til sömu persónu og frumlagið: **sig/sér/sín**

Dæmi:



Hann rakar **sig**



Hún klæðir **sig** á morgnana

Ef ekki er notað afturbeygða fornafnið í þessu samhengi, þá vísar andlagið til annarrar persónu.

Dæmi:

Hann rakar **hann**

Hún klæðir **hana** á morgnana

## Afturbeyging og fleirtala

Fyrir fyrstu og aðra persónu er notuð fleirtölumynd persónufornafnanna:

Dæmi:

Við þössum **okkur** í umferðinni

Þið skemmtið **ykkur** vel

Fyrir þriðju persónu er notað afturbeygða persónufornafnið þegar andlag vísar til sömu persóna og frumlagið. Afturbeygða fornafnið er eins í eintölu og fleirtölu.

Dæmi:

Þeir passa **sig** í umferðinni

Þær skemmta **sér** vel

Persónufornöfn – yfirlit

afturbeygt persónufornafn

fall	eintala	fleirtala
<b>nf</b>	ég	við
<b>þf</b>	mig	okkur
<b>þgf</b>	mér	okkur
<b>ef</b>	mín	okkar
<b>nf</b>	þú	þið
<b>þf</b>	þig	ykkur
<b>þgf</b>	þér	ykkur
<b>ef</b>	þín	ykkar
<b>nf</b>	hann	þeir
<b>þf</b>	hann	þá
<b>þgf</b>	honum	<b>þeim</b>
<b>ef</b>	hans	<b>þeirra</b>
<b>nf</b>	hún	þær
<b>þf</b>	hana	þær
<b>þgf</b>	henni	<b>þeim</b>
<b>ef</b>	hennar	<b>þeirra</b>
<b>nf</b>	það	þau
<b>þf</b>	það	þau
<b>þgf</b>	því	<b>þeim</b>
<b>ef</b>	þess	<b>þeirra</b>

fall	et og ft
<b>nf</b>	x
<b>þf</b>	sig
<b>þgf</b>	sér
<b>ef</b>	sín

## 1.5.2 Eignarfornöfn

Eignarfornöfn eru notuð um það sem tilheyrir fyrstu eða annarri persónunni í setningunni (frumlaginu – þegar frumlagið er *ég* eða *þú*). Þau eru *minn* og *þinn*.

Þau standa alltaf með nafnorði og oftast á eftir því og hafa sama kyn, fall og tölu og nafnorðið sem þau standa með.

Ég á bíl. Þetta er bíllinn **minn** (kk, et, nf)  
Ég keyri bíllinn **minn** (þf)

Ég á bók. Þetta er bókin **mín** (kvk, et, nf)  
Ég les bókina **mína** (þf)

Ég á barn. Þetta er barnið **mitt** (hk, et, nf)  
Ég elska barnið **mitt** (þf)

Þú átt hund. Þetta er hundurinn **þinn** (kk, et, nf)  
Þú elskar hundinn **þinn** (þf)

Þú átt köku. Þetta er kakan **þín** (kvk, et, nf)  
Þú borðar kökuna **þína** (þf)

Þú átt hús. Þetta er húsið **þitt** (hk, et, nf)  
Þú málar húsið **þitt** (þf)

- Það er ekki notað sérstakt eignarfornafn ef frumlagið er *við* eða *þið*. Þá er notað eignarfall persónufornafnanna! Þau eru: *okkar*, *ykkar*

Við eigum hús. Þetta er húsið **okkar**  
Við málum húsið **okkar**

Þið eigið barn. Þetta er barnið **ykkar**  
Þið elskið barnið **ykkar**

- Það er ekki notað sérstakt eignarfornafn ef frumlagið /eigandinn er hann, hún, það, þeir, þær, þau. Þá er notað eignarfall persónufornafnanna! Þau eru: *hans*, *hennar*, *þess*, *þeirra*

Hann á bíl. Þetta er bíllinn *hans*. Bíllinn *hans* er stór.

Hún á bók. Þetta er bókin *hennar*. Bókin *hennar* er skemmtileg.

Barnið (það) á leikfang. Þetta er leikfangið *þess*.

Þeir eiga hund. Þetta er hundurinn *þeirra*. Hundurinn *þeirra* geltir hátt.

Þær eiga mynd. Þetta er myndin *þeirra*. Myndin *þeirra* er flott.

*Þau eiga íbúð. Þetta er íbúðin þeirra. Íbúðin þeirra er lítil.*

- Eignarfornafnið *sinn* er notað með andlagi þegar frumlag og andlag vísa **til þess sama** í þriðju persónu. Tekur sama kyn, tölu og fall og andlagið.

*Hann á bíl. Þetta er bílinn hans  
Hann keyrir bílinn **sinn**.*

*Hún á bók. Þetta er bókin hennar  
Hún les bókina **sína***

*Barnið á leikfang. Þetta er leikfangið þess  
Það leikur með leikfangið **sitt***

*Þeir eiga hund. Þetta er hundurinn þeirra  
Þeir leika við hundinn **sinn***

*Þær eiga myndir. Þetta eru myndirnar þeirra  
Þær mála myndirnar **sínar***

*Þau eiga íbúð. Þetta er íbúðin þeirra  
Þau selja íbúðina **sína***

- Athugið að ef að frumlag og andlag vísa **ekki** til þess **sama** er **ekki** notað eignarfornafnið *sinn*, heldur eignarfall persónufornafnsins

Hann keyrir bílinn **hans** (= einhver annar á bílinn).

*Hann kyssir konuna sína... þýðir ekki það sama og... hann kyssir konuna hans!*

## Eignarfornöfn - Heildaryfirlit

**minn**

eintala	kk	kvk	hk
nefnifall	minn	mín	mitt
þolfall	minn	mína	mitt
þágufall	mínum	minni	mínu
eignarfall	míns	minnar	míns

fleirtala	kk	kvk	hk
nefnifall	mínir	mínar	mín
þolfall	mína	mínar	mín
þágufall	mínum	mínum	mínum
eignarfall	minna	minna	minna

**þinn**

eintala	kk	kvk	hk
nefnifall	þinn	þín	þitt
þolfall	þinn	þína	þitt
þágufall	þínum	þinni	þínu
eignarfall	þíns	þinnar	þíns

fleirtala	kk	kvk	hk
nefnifall	þínir	þínar	þín
þolfall	þína	þínar	þín
þágufall	þínum	þínum	þínum
eignarfall	þinna	þinna	þinna

**sinn**

fleirtala	kk	kvk	hk
nefnifall	sinn	sín	sitt
þolfall	sinn	sína	sitt
þágufall	sínum	sinni	sínum
eignarfall	síns	sinnar	síns

fleirtala	kk	kvk	hk
nefnifall	sínir	sínar	sín
þolfall	sína	sínar	sín
þágufall	sínum	sínum	sínum
eignarfall	sinna	sinna	sinna



### 1.5.3 Spurnarfornöfn

Spurnarfornöfnin eru **hver** og **hvor**. Önnur spurnarorð eru óbeygjanleg

(sjá kafla 3.2 um spurnarorðin: *hvenær, hvar, hvaðan, hvert, hvernig, hversu (hve), hvaða, af hverju, til hvers, hvers vegna*).

- *Hver* beygist þannig....

*eintala*

	<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>hk</b>
<b>nefnifall</b>	hver	hver	hvað (hvert)
<b>þolfall</b>	hvern	hverja	hvað (hvert)
<b>þágufall</b>	hverjum	hverri	hverju
<b>eignarfall</b>	hvers	hverrar	hvers

*fleirtala*

	<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>hk</b>
<b>nefnifall</b>	hverjir	hverjar	hver
<b>þolfall</b>	hverja	hverjar	hver
<b>þágufall</b>	hverjum	hverjum	hverjum
<b>eignarfall</b>	hverra	hverra	hverra

- **Hver** er almennt notað til að spyrja um fólk:

Dæmi: **Hver** er þetta?

Við **hvern** varstu að tala?

Með **hverjum** fórstu í bíó?

**Hverjir** koma í afmælið?

En ekki alltaf fólk..:

**Hver** er kennitalan þín ?

- **Hvað** er notað til að spyrja um eitthvað annað en fólk:

Dæmi: **Hvað** er þetta?

**Hvað** viltu borða í kvöld?

**Hvað** meinar þú?

Í **hverju** ætlar þú í veisluna?

- **Hver** getur staðið hliðstætt nafnorði ef verið er að spyrja um einn úr einhverjum hópi:

**Hver strákanna er stærstur?**

Til er hvorugkynsmyndin *hvert* í stað *hvað* (notuð hliðstætt nafnorði):

**Hvert húsanna er stærst?**

- *Hvor* beygist þannig....

*eintala*

	<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>hk</b>
<b>nefnifall</b>	hvor	hvor	hvort
<b>þolfall</b>	hvorn	hvora	hvort
<b>þágufall</b>	hvorum	hvorri	hvoru
<b>eignarfall</b>	hvors	hvorrar	hvors

*fleirtala*

	<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>hk</b>
<b>nefnifall</b>	hvorir	hvorar	hvor
<b>þolfall</b>	hvora	hvorar	hvor
<b>þágufall</b>	hvorum	hvorum	hvorum
<b>eignarfall</b>	hvorra	hvorra	hvorra

- **Hvor** er notað þegar aðeins er um tvö að ræða og spurt um annan af tveimur:

**Hvor** strákanna er stærri?

**Hvort** finnst þér betra ís eða súkkulaði?

#### 1.5.4 Óákveðin fornöfn

Óákveðin fornöfn eru þau fornöfn sem passa ekki inn í neinn af hinum flokkum fornafna og eru sett í þessa hálfgerðu ruslakistu. Eins og önnur fornöfn beygjast þau eftir kyni, tölu og falli.

Óákveðnu fornöfnin er hægt að nota sérstæð eða hliðstæð nafnorðum (eru við hliðina á nafnorðum).

Dæmi: Sérstætt: **Fáir** tala íslensku. Hliðstætt: **Fáir menn** tala íslensku.

Gerð hefur verið vísa með flestum óákveðnu fornöfnunum:

*Annar, fáeinir, enginn, neinn,  
ýmis, báðir, sérhver,  
hvorugur, sumur, hver og einn,  
hvor og nokkur, einhver.*

- **Annar.** Beygist eins og raðtalan (sjá kafla 1.4) Dæmi um notkun:

*Ég vil ekki þennan bíl. Ég ætla að kaupa **annan**.*

*Það var einhver **annar** en ég sem gleymdi að læsa, það var ekki ég!*

- **Fáeinir.** Beygist eins og töluorðið *einir* (sjá kafla 1.4). Hefur sömu merkingu og *nokkrir* og *fáir* sem þýðir *ekki margir*. Segja má að *fáeinir* og *nokkrir* hafi jákvæðari merkingu en *fáir*. Dæmi:

*Fáeinir: Það eru **fáeinir** kökusneiðar eftir inni í eldhúsi*

*Fáir: Það búa **fáir** á Íslandi*

- **Enginn.** Dæmi um notkun:

***Enginn** vill vera veikur*

*Ég segi **ekkert**.*

- **Neinn.** Beygist eins og einn. Orðið er alltaf notað með atviksorðinu ekki. *Ekki neinn* merkir það sama og *enginn*. Dæmi um notkun:

*Ég talaði ekki við **neinn** í morgun (=Ég talaði við engan í morgun).*

*Ég segi ekki **neitt**. (=Ég segi ekkert).*

- **Ýmis.** Merking: *margvísleg, stundum þessi, stundum hinn*. Getur líka haft sömu merkingu og *sumir*. Oftast notað í fleirtölu (*ýmsir, ýmsar, ýmis*). Dæmi um notkun:

*Það er hægt að dansa á **ýmsan** hátt.t.d. tangó, vals, salsa...*

*Það eru **ýmsir** sem lesa Fréttablaðið, bæði ungir og gamlir*

- **Báðir.** Notað um tvo (*þessi og þessi*). Dæmi um notkun:

*Ég á tvo syni. **Báðir** eru í skóla*

*Anna og Jón eru **bæði** lögfræðingar (=Anna er lögfræðingur og Jón er líka lögfræðingur)*

- **Sérhver.** Hefur sömu merkingu og *hver og einn*. Er alltaf hliðstætt. Dæmi um notkun:

**Sérhver** maður verður að hugsa um sjálfan sig

=Hver og einn verður að hugsa um sjálfan sig

- **Hvorugur.** Notað um tvo og merkingin er andstæðan við *báðir* (ekki þessi og ekki þessi). Yfirleitt aldrei notað í fleirtölu nema með orðum sem eru bara til í fleirtölu eða merkja þar. Hefur sömu merkingu og *hvorki, né*.

Ég á tvo syni. **Hvorugur** er í skóla

**Hvorugur** drengjanna er í skóla

= **Hvorki** Jón **né** Gulli er í skóla (=Jón er ekki í skóla og Gulli er ekki í skóla)

**Hvorugar** buxnanna passa á mig

- **Sumur.** Langoftast notað í fleirtölu! (sumir, sumar, sum) Merkir *ekki allir*.

**Sumir** taka strætó, **sumir** keyra bíl og **sumir** ganga í vinnuna

Vísa um suma!

Ef sumir vissu um suma  
það sem sumir segja um suma  
þegar sumir eru frá.  
Þá væru ekki sumir við suma  
eins og sumir eru við suma  
þegar sumir eru hjá

- **Nokkur.** Langoftast notað í fleirtölu! (nokkrir, nokkrar, nokkur). Merking: Jákvæð merking fyrir *fáir* (ekki *marginir*). Getur líka verið notað í eintölu á svipaðan hátt og *einhver*, nema í neikvæðri merkingu eins og dæmin sýna. Dæmi um notkun:

Ég fór með **nokkrum** vinum mínum í bíó

Er **nokkur** hér inni? (=er einhver hér inni – býst ekki við neinum)

Er **nokkuð** að fréttu? (=er eitthvað að fréttu?)

**Nokkur** á sér sérstaka orðmynd í hvorugkyni þegar það eru notað hliðstætt nafnorði: **nokkurt**. Dæmi:

Sérstætt: Er til **nokkuð** að borða?

Hliðstætt: Er til **nokkurt** kex?

- **Einhver.** Merking: engin ákveðin manneskja eða hlutur. Ekki er vitað hvern eða hvað er átt við og það skiptir ekki endilega máli. Dæmi um notkun:

**Einhver** opnaði gluggann. Viltu loka honum?

Er **einhver** hér inni sem vill lesa fyrir mig?

Mig langar í **eitthvað** að borða

*Einhver* á sér sérstaka orðmynd í hvorugkyni þegar það er notað hliðstætt nafnorði: **eitthvert**. Dæmi:

Sérstætt: Mig langar í **eitthvað** að borða. Hliðstætt: Er **eitthvert kex** í skápnum?

- **Allur**. Merking í eintölu: heill og óskiptur. Merking í fleirtölu: Dæmi um notkun:

Borðaðu **allan** matinn þinn, barn!

**Allir** vilja lifa góðu lífi

Þessi blómynd er ekki fyrir **alla**

- **Sjálfur**. Merking: sá hinn sami og talað er um í setningunni. Leggur sérstaka áherslu á nafnorðið eða fornafnið sem það stendur með og/eða vísar til. Dæmi um notkun:

Ætlar **sjálfur** forsetinn að koma í heimsókn?

Ég ætla að kaupa mér bíl **sjálf**

Jörðin snýst í kringum **sjálfa** sig

- (**Samur**), **sami**. Merking. Veika beygingin (*sami*) er algengari en sú sterka (*samur*) og er þá notað hliðstætt nafnorði. Getur verið notað sérstætt ef orðin **sá** (kk) eða **sú** (kvk) er fyrir framan það. Dæmi:

**Sami** maðurinn hringdi í dag og í gær

Við eigum heima í **sama** húsi

Er þetta **sú sama** og kom í gær? (=er þetta sama konan og kom í gær?)

### Samssett óákveðin fornöfn

- **Hver og einn** merkir sérhver eða *allir* (þessi, þessi, þessi og þessi...)

*Hver og einn* verður að hugsa um sjálfan sig

- **Annar hver** (notað um fleiri en tvo) og **annar hvor**. Merkir þessi, ekki þessi, þessi, ekki þessi...
- Ég vinn **annan hvern** dag í viku (mánudag, miðvikudag og föstudag)

**Önnur hvor** á að vinna í dag, Anna eða María.

- **Hvor tveggja** merkir báðir.

Viltu sultu eða smjör? Ég vil **hvort tveggja** (=Ég vil bæði).

- **Hver annar** (notað um fleiri en tvo) og **hvor annar** (notað um tvo) er notað til að tjá gagnkvæmni. Dæmi:

Þau heilsa **hvert öðru** með handabandi.

Þau kyssa **hvort annað** (=þau kyssast).

## Óákveðin fornöfn - heildaryfirlit

### Allur

eintala	kk	kvk	hk
nefnifall	allur	öll	allt
þolfall	allan	alla	allt
þágufall	öllum	allri	öllu
eignarfall	alls	allrar	alls

fleirtala	kk	kvk	hk
nefnifall	allir	allar	öll
þolfall	alla	allar	öll
þágufall	öllum	öllum	öllum
eignarfall	allra	allra	allra

### Annar

eintala	kk	kvk	hk
nefnifall	annar	önnur	annað
þolfall	annan	aðra	annað
þágufall	öðrum	annarri	öðru
eignarfall	annars	annarrar	annars

fleirtala	kk	kvk	hk
nefnifall	aðrir	aðrar	önnur
þolfall	aðra	aðrar	önnur
þágufall	öðrum	öðrum	öðrum
eignarfall	annarra	annarra	annarra

### Báðir

fleirtala	kk	kvk	hk
nefnifall	báðir	báðar	bæði
þolfall	báða	báðar	bæði
þágufall	báðum	báðum	báðum
eignarfall	beggja	beggja	beggja

## Einhver

eintala	kk	kvk	hk
nefnifall	einhver	einhver	eitthvað/eitthvert
þolfall	einhvern	einhverja	eitthvað/eitthvert
þágufall	einhverjum	einhverri	einhverju
eignarfall	einhvers	einhverrar	einhvers

fleirtala	kk	kvk	hk
nefnifall	einhverjir	einhverjar	einhver
þolfall	einhverja	einhverjar	einhver
þágufall	einhverjum	einhverjum	einhverjum
eignarfall	einhverra	einhverra	einhverra

## Enginn

eintala	kk	kvk	hk
nefnifall	enginn	engin	ekkert
þolfall	engan	enga	ekkert
þágufall	engum	engri	engu
eignarfall	einskis	engrar	einskis

fleirtala	kk	kvk	hk
nefnifall	engir	engar	engin
þolfall	enga	engar	engin
þágufall	engum	engum	engum
eignarfall	engra	engra	engra

## Fáeinir

fleirtala	kk	kvk	hk
nefnifall	fáeinir	fáeinar	fáein
þolfall	fáeina	fáeinar	fáein
þágufall	fáeinum	fáeinum	fáeinum
eignarfall	fáeinna	fáeinna	fáeinna

## Hvorugur

eintala	kk	kvk	hk
nefnifall	hverugur	hverug	hverugt
þolfall	hverugan	hveruga	hverugt
þágufall	hverugum	hverugri	hverugu
eignarfall	hverugs	hverugar	hverugs



<b>fleirtala</b>	<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>hk</b>
<b>nefnifall</b>	hvorugir	hvorugar	hvorug
<b>þolfall</b>	hvoruga	hvorugar	hvorug
<b>þágufall</b>	hvorugum	hvorugum	hvorugum
<b>eignarfall</b>	hvorugra	hvorugra	hvorugra

**Margur ath er lýsingarorð!!**

<b>eintala</b>	<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>hk</b>
<b>nefnifall</b>	margur	mörg	margt
<b>þolfall</b>	margan	marga	margt
<b>þágufall</b>	mörgum	margri	mörgu
<b>eignarfall</b>	margs	margrar	margs

<b>fleirtala</b>	<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>hk</b>
<b>nefnifall</b>	margir	margar	mörg
<b>þolfall</b>	marga	margar	mörg
<b>þágufall</b>	mörgum	mörgum	mörgum
<b>eignarfall</b>	margra	margra	margra

**Neinn**

<b>eintala</b>	<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>hk</b>
<b>nefnifall</b>	neinn	nein	neitt
<b>þolfall</b>	neinn	neina	neitt
<b>þágufall</b>	neinum	neinni	neinu
<b>eignarfall</b>	neins	neinnar	neins

<b>fleirtala</b>	<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>hk</b>
<b>nefnifall</b>	neinir	neinar	nein
<b>þolfall</b>	neina	neinar	nein
<b>þágufall</b>	neinum	neinum	neinum
<b>eignarfall</b>	neinna	neinna	neinna

**Nokkur**

<b>eintala</b>	<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>hk</b>
<b>nefnifall</b>	nokkur	nokkur	nokkuð/nokkurt
<b>þolfall</b>	nokkurn	nokkra	nokkuð/nokkurt
<b>þágufall</b>	nokkrum	nokkurri	nokkru
<b>eignarfall</b>	nokkurs	nokkurrar	nokkurs

<b>fleirtala</b>	<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>hk</b>
<b>nefnifall</b>	nokkrir	nokkrar	nokkur
<b>þolfall</b>	nokkra	nokkrar	nokkur
<b>þágufall</b>	nokkrum	nokkrum	nokkrum
<b>eignarfall</b>	nokkurra	nokkurra	nokkurra

**(samur)/sami**

<b>eintala</b>	<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>hk</b>
<b>nefnifall</b>	(samur)/sami	(söm)/sama	(samt)/sama
<b>þolfall</b>	saman/sama	(sama)/sömu	(samt)/sama
<b>þágufall</b>	(sömum)/sama	(samri)/sömu	(sömu)/sama
<b>eignarfall</b>	(sams)/sama	(samrar)/sömu	(sams)/sama

<b>fleirtala</b>	<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>hk</b>
<b>nefnifall</b>	(samir)/sömu	(samar)/sömu	(söm)/sömu
<b>þolfall</b>	(sama)/sömu	(samar)/sömu	(söm)/sömu
<b>þágufall</b>	(sömum)/sömu	(sömum)/sömu	(sömum)/sömu
<b>eignarfall</b>	(samra)/sömu	(samra)/sömu	(samra)/sömu

**sérhver**

<b>eintala</b>	<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>hk</b>
<b>nefnifall</b>	sérhver	sérhver	sérhvert
<b>þolfall</b>	sérhvern	sérhverja	sérhvert
<b>þágufall</b>	sérhverjum	sérhverri	sérhverju
<b>eignarfall</b>	sérhvers	sérhverrar	sérhvers

<b>fleirtala</b>	<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>hk</b>
<b>nefnifall</b>	sérhverjir	sérhverjar	sérhver
<b>þolfall</b>	sérhverja	sérhverjar	sérhver
<b>þágufall</b>	sérhverjum	sérhverjum	sérhverjum
<b>eignarfall</b>	sérhverra	sérhverra	sérhverra

**sjálfur**

<b>eintala</b>	<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>hk</b>
<b>nefnifall</b>	sjálfur	sjálf	sjálft
<b>þolfall</b>	sjálfan	sjálfa	sjálft
<b>þágufall</b>	sjálfum	sjálfri	sjálfu
<b>eignarfall</b>	sjálfs	sjálfrar	sjálfs

<b>fleirtala</b>	<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>hk</b>
<b>nefnifall</b>	sjálfir	sjálfar	sjálf
<b>þolfall</b>	sjálfa	sjálfar	sjálf
<b>þágufall</b>	sjálfum	sjálfum	sjálfum
<b>eignarfall</b>	sjálfra	sjálfra	sjálfra

## Sumur

eintala	kk	kvk	hk
nefnifall	sumur	sum	sumt
þolfall	suman	suma	sumt
þágufall	sumum	sumri	sumu
eignarfall	sums	sumrar	sums

fleirtala	kk	kvk	hk
nefnifall	sumir	sumar	sum
þolfall	suma	sumar	sum
þágufall	sumum	sumum	sumum
eignarfall	sumra	sumra	sumra

## Ýmis

eintala	kk	kvk	hk
nefnifall	ýmis	ýmis	ýmist
þolfall	ýmsan	ýmsa	ýmist
þágufall	ýmsum	ýmissi	ýmsu
eignarfall	ýmiss	ýmissar	ýmiss

fleirtala	kk	kvk	hk
nefnifall	ýmsir	ýmsar	ýmis
þolfall	ýmsa	ýmsar	ýmis
þágufall	ýmsum	ýmsum	ýmsum
eignarfall	ýmissa	ýmissa	ýmissa

### 1.5. 5 Ábendingarfornöfn

Ábendingarfornöfnin eru *þessi*, *sá* og *hinn*. Þau eru notuð hliðstætt nafnorðum eða sérstæð og koma þá í stað nafnorða t.d. þegar bent er á eitthvað eða einhvern.

- **Þessi** er sérstaklega notað ef sá sem verið er að tala um er nærstaddur (=er hérna núna).

*Þessi maður á heima í sömu götu og ég*  
= *Þessi á heima í sömu götu og ég*

- **Sá** er frekar notað ef viðkomandi er ekki nærstaddur (=er ekki hérna núna)

**Sá maður** sem kemur fyrstur í mark vinnur keppnina  
=**Sá** sem kemur fyrstur í mark vinnur keppnina

**Sá** er líka stundum notað eins og ákveðinn greinir og stendur þá með lýsingarorði.

*Þetta er **sú** stærsta bók sem ég hef séð!*  
*Þessi bíll er með **þeim** hraðskreiðustu í heimi!*  
**Sá** gamli fór á elliheimili í gær

- **Hinn** er notað í samanburði, oft um eitthvað sem er lengra í burtu en annað.

*Ég vil ekki þennan kjól heldur **hinn** kjólinn!*  
*Ég ætla í bíó, ekki á morgun heldur **hinn** (daginn)*

**Hinn** er líka óákveðinn greinir, oftast notaður í frekar formlegu máli með lýsingarorðum eða raðtölum.

*Ég fer **hinn** þriðja febrúar til Parísar*

## Ábendingarfornöfn – yfirlit

þessi

eintala	kk	kvk	hk
nefnifall	þessi	þessi	þetta
þolfall	þennan	þessa	þetta
þágufall	þessum	þessari	þessu
eignarfall	þessa	þessarar	þessa

fleirtala	kk	kvk	hk
nefnifall	þessir	þessar	þessi
þolfall	þessa	þessar	þessi
þágufall	þessum	þessum	þessum
eignarfall	þessara	þessara	þessara

sá

eintala	kk	kvk	hk
nefnifall	sá	sú	það
þolfall	þann	þá	það
þágufall	þeim	þeirri	því
eignarfall	þess	þeirrar	þess

fleirtala	kk	kvk	hk
nefnifall	þeir	þær	þau
þolfall	þá	þær	þau
þágufall	þeim	þeim	þeim
eignarfall	þeirra	þeirra	þeirra

hinn

eintala	kk	kvk	hk
nefnifall	hinn	hin	hitt
þolfall	hinn	hina	hitt
þágufall	hinum	hinni	hinu
eignarfall	hins	hinnar	hins

fleirtala	kk	kvk	hk
nefnifall	hinir	hinar	hin
þolfall	hina	hinar	hin
þágufall	hinum	hinum	hinum
eignarfall	hinna	hinna	hinna

## 2. Sagnorð

### 2.1 Inngangur

- Sagnorð tjá verknað eða ástand. Sagnorð = sagnir.

Verknaður er eitthvað sem fólk gerir eða framkvæmir.

Dæmi: *Hann **keyrir** vörubíl*  
*Hún **kaupir** í matinn*

Ástand lýsir hvernig einhver eða eitthvað er.

Dæmi: *Hann **er** góður maður*  
*Bílinn **bilaði***  
*Ég **sit** í sófanum*

- Sagnir eru í *nútíð* eða *þátíð*

Dæmi:

Nútíð: *Ég **elda** kjúkling í dag*

Þátíð: *Ég **eldaði** kjúkling í gær*

Nútíðarmynd sagna er notuð til að tjá *framtíð*.

Dæmi: *Ég **elda** kjúkling á morgun*

Sjá nánar kafla 2.2

- Sagnir geta staðið tvær saman og það er kallað *sagnasamband*.

Sagnasambönd (hjálparsögn + aðalsögn) geta tjáð nútíð, þátíð eða framtíð/ætlun eftir því hvaða tíma er um að ræða.

Hjálparsögnin er beygð í persónum en aðalsögnin er oft í nafnhætti. Nafnháttur er *orðabókarmynd* sagna og stendur stundum með nafnháttarmerkinu *að* (*að tala*).

Dæmi um sagnasambönd:

<i>Ég <b>er að borða</b> núna</i>	yfirstandandi nútíð
<i>Við <b>vorum að hjálpa</b> honum áðan</i>	nýliðið (þátíð)
<i>Ég <b>var að borða</b> þegar mamma hringdi</i>	tveir atburðir samtímis í þátíð
<i>Hann <b>ætlað</b> að hringja í mig</i>	ætlun/framtíð
<i>Hann <b>fer að koma</b></i>	framtíð
<i>Hún <b>mun segja</b> þér leyndarmálið</i>	framtíð

Sjá nánar kafla 2.3.1

- Sagnir beygjast eftir *háttum*

Nafnháttur: (að) fara

Framsöguháttur *Ég fer í bíó*

Boðháttur: *Farðu út!*

Viðtengingarháttur: *Ég færi ef ég gæti*

Lýsingarháttur: *Ég hef farið til Kína*

Sjá nánar kafla 2.3

- Sagnir hafa mismunandi *myndir*

Germynd: *Hann kyssir hana* (=hefur geranda)

Miðmynd: *Þau kyssast* (=tveir gerendur sem gera eitthvað á sama tíma)

Polmynd: *Hún er kysst* (=geranda vantar)

Sjá nánar kafla 2.4

## 2.2 Sagnareglur

### 2.2.1 Nútíð

Sagnir beygjast í þremur persónum í eintölu (*ég, þú, hann/hún/það*) og fleirtölu (*við, þið, þeir/þær/þau*)

Í nútíð er sögnunum skipt eftir persónuendingum í a-sagnir, i-sagnir og 0-sagnir.

### Nútíð

persóna	a- sagnir að tala	i-sagnir að læra	0-sagnir (óreglulegar)		
			að koma	að fá	að fara
1. ég	tala	lær-i	k <u>e</u> m	f <u>æ</u>	f <u>e</u> -r
2. þú	tala-r	lær-ir	k <u>e</u> m-ur	f <u>æ</u> -r <u>ð</u>	f <u>e</u> -r- <u>ð</u>
3. hann hún það	talar	lær-ir	k <u>e</u> m-ur	f <u>æ</u> -r	f <u>e</u> -r
1. við	t <u>öl</u> -um	lær-um	kom-um	fá-um	för-um
2. þið	tal-i <u>ð</u>	lær-i <u>ð</u>	kom-i <u>ð</u>	fá-i <u>ð</u>	far-i <u>ð</u>
3. þeir þær þau	tala	læra	koma	fá	fara

## Stofn sagnar:

Dæmi: **að fara** (að= nafnháttarmerki)

**far** = stofn

**-a** = ending

*Hljóðbreytingar í sögnum.*

*A-víxl* eiga sér stað ef *a* er í *stofni* orðsins í öllum reglum

**A- víxl. a→ö** ef *u* kemur fyrir í endingu orðsins

<b>a</b>	→	<b>ö</b>	að tala*1	→	við tölum
<b>a</b>	→	<b>ö</b>	að fara*5	→	við förum

*B -víxl* eiga sér stað í **nútið** 0-sagna.

### B-víxl

Stofnsérhljóð:

<b>a</b>	→	<b>e</b>	að fara*5	→	ég fer
<b>o</b>	→	<b>e</b>	að sofa*3	→	ég sef
<b>ö</b>	→	<b>e</b>	að stökkva*3	→	ég stekk
-----					
<b>á</b>	→	<b>æ</b>	að ná*4	→	ég næ
-----					
<b>ú</b>	→	<b>y</b>	að snúa*4	→	ég sný

## 2.2.2 Þátíð

Í þátíð er sögnum skipt í *veikar sagnir* og *sterkar sagnir*.

Meginreglan er sú að *a-* og *i-*sagnir í nútið eru *veikar* í þátíð en *0-*sagnir eru *sterkar* í þátíð.

- **Veikar sagnir.**

Veikar sagnir taka viðskeytin **-ð,-d** eða **-t** í þátíð.



a-sagnir í nútíð taka viðskeytið **-ð** beint á nafnháttarmyndina.

Dæmi:

ég **talaði** (tala +-ði) A-víxl verða í fleirtölu **a→ö** við **töluðum**  
 ég **borðaði** (borða +-ði)  
 ég **hlustaði** (hlusta+-ði)

Dæmi um beygingu:

	að tala			að hlusta			
ég	talaði	við	töluðum	ég	hlustaði	við	hlustuðum
þú	talaðir	þið	töluðuð	þú	hlustaðir	þið	hlustuðuð
hann hún það	talaði	þeir þær þau	töluðu	hann hún það	hlustaði	þeir þær þau	hlustuðu

Þær sagnir sem tilheyra i-sögnum í nútíð (og sumar sem tilheyra 0-sögnum) fá á sig í þátíð viðskeytið -ð, -d eða -t beint á **stofninn** eftir því á hvaða staf stofninn endar.

Ef stofninn endar á **r, f** eða **g (gg)** kemur viðskeytið **-ð**

Dæmi:

Gera: ég **gerði** (ger + ði)  
 Horfa: ég **horfði** (horf + ði)  
 Segja: ég **sagði** (sag + ði) B-víxl e→a

Ef stofninn endar á **m, n, l** eða **ð** kemur viðskeytið **-d**

Dæmi:

Gleyma: ég **gleymdi** (gleym+di)  
 Muna: ég **munði** (mun +di)  
 Skilja: ég **skildi**\* (skil+di)  
 Ræða: ég **ræddi** (ræð + di) ð + d → dd.

\*Ath. *skilja* er 0-sögn og margar 0-sagnir sem hafa stofn sem endar á **l** taka **-d** viðskeyti í þátíð.

Dæmi:

Telja: ég **taldi** B-víxl e→a  
 Fela: ég **faldi** B-víxl e→a  
 Velja: ég **valdi** B-víxl e→a

Selja: *ég seldi*

Ef stofninn endar á **t, s, k, p, (d\*)** kemur viðskeytið **-t**

Bæta: *Ég bætti* (bæt+ti)  
Brosa: *Ég brosti* (bros+ti)  
Vaka: *Ég vakti* (vak+ti)  
Æpa: *Ég æpti* (æp+ti)  
Henda: *Ég henti* \*(d → t)

Dæmi um beygingar:

	horfa		gleyma		brosa
ég	horfði	ég	gleymdi	ég	brosti
þú	horfðir	þú	gleymdir	þú	brostir
hann hún það	horfði	hann hún það	gleymdir	hann hún það	brosti
Við	horfðum	Við	gleymdum	Við	brostum
þið	horfðuð	þið	gleymduð	þið	brostuð
þeir þær þau	horfðu	þeir þær þau	gleymdu	þeir þær þau	brostu

### Ópolandi undantekningar!!

Fleiri sagnir en þær sem tilheyra i-sögnum í nútíð geta tekið veika endingu í þátíð.  
Dæmi: *hafa, fela, flytja, leggja, selja, spyrja, telja, velja*

Hafa: *Ég hafði*  
Fela: *Ég faldi*  
Flytja: *Ég flutti* (b-víxl)  
Leggja: *Ég lagði* (b-víxl)  
Selja: *Ég seldi*  
Spyrja: *Ég spurði* (b-víxl)  
Telja: *Ég taldi* (b-víxl)  
Velja: *Ég valdi* (b-víxl)

Sumar i-sagnir taka sterka beygingu í þátíð.  
Dæmi: *heita*

Heita: *Amma mín hét Helga*

### Fleiri sagnir sem taka b-víxl í þátíð

Segja, sækja, þykja,

Segja: *Ég sagði*  
 Sækja: *Ég sótti*  
 Þykja: *Mér þótti (ópersónuleg sögn)*

- **Sterkar sagnir**

Sterkar sagnir tilheyra flestar 0-sögnum í nútíð. Þær taka flestar sömu endingarnar í þátíð en hljóðbreytingar í stofni eru mjög óreglulegar. Þess vegna eru þær óreglulegar í þátíð.

Endingar sterkra sagna í þátíð:

-
-st
-
-um
-uð
-u

Dæmi um beygingu sterkra sagna:

	<b>koma</b>		<b>fara</b>		<b>fá</b>
ég	kom	ég	fór	ég	fékk
þú	komst	þú	fórst	þú	fékkst
hann hún það	kom	hann hún það	fór	hann hún það	fékk
Við	komum	Við	fórum	Við	fengum
þið	komuð	þið	fóruð	þið	fenguð
þeir þær þau	komu	þeir þær þau	fóru	þeir þær þau	fengu

Margar sterkar sagnir eru algengar og þess vegna gott að læra *kennimyndir* þeirra **utan að!** Dæmi: *koma, fara, fá, sjá, ganga, fljúga, taka.*

### Hvað eru kennimyndir?

*Kennimyndir* eru þær myndir sagna sem er nóg að kunna til að geta beygt eftir beygingarendingum. Kennimyndir sagna eru gefnar upp í orðabókum. Kennimyndir sterkra sagna eru:

nafnháttur -1. persóna, eintala, þátíð - 1. persóna, fleirtala, þátíð - lýsingarháttur þátíðar.\*

Dæmi:

koma -(kem) - kom - komum - komið

fara – (fer)- fór – fórum - farið

fá - (fæ) - fékk – fengum - fengið

sjá - (sé) – sá – sáum - séð

ganga - (geng )- gekk – gengum - gengið

fljúga - (flýg) – flaug – flugum - flogið

taka – (tek) – tók – tókum - tekið

\*Sagt er frá lýsingarhætti þátíðar í kafla 2.3.4.

Hægt er að skipta sterkum sögnum í 8 flokka eftir hljóðbreytingum. Sjá heildarlista aftast í kaflanum.

## Sagnabeygingar - Heildaryfirlit

### Nútið

persóna	a- sagnir að tala	i-sagnir að læra	0-sagnir (óreglulegar)		
			að koma	að fá	að fara
1. ég	tala	lær-i	k <u>e</u> m	f <u>æ</u>	f <u>e</u> -r
2. þú	tala-r	lær-ir	k <u>e</u> m-ur	f <u>æ</u> -rð	f <u>e</u> -rð
3. hann hún það	talar	lær-ir	k <u>e</u> m-ur	f <u>æ</u> -r	f <u>e</u> -r
1. við	töl-um	lær-um	kom-um	fá-um	för-um
2. þið	tal-ið	lær-ið	kom-ið	fá-ið	far-ið
3. þeir þær þau	tala	læra	koma	fá	fara

### Þátið

persóna	a og i sagnir (veikar)		0-sagnir (sterkar)		
	að tala	að læra	að koma	að fá	að fara
1. ég	tala-ð <i>i</i>	lær-ð <i>i</i>	kom	f <u>é</u> kk	f <u>ó</u> r
2. þú	tala-ð <i>ir</i>	lær-ð <i>ir</i>	kom-st	f <u>é</u> kk-st	f <u>ó</u> r-st
3. hann hún það	tala-ð <i>i</i>	lær-ð <i>i</i>	kom	f <u>é</u> kk	f <u>ó</u> r
1. við	tölu-ðum	lær-ðum	kom-um	feng-um	fór-um
2. þið	tölu-ðuð	lær-ðuð	kom-uð	feng-uð	fór-uð
3. þeir þær þau	tölu-ðu	lær-ðu	kom-u	feng-u	fór-u

## 2.2.3 Listi yfir algengar sagnir í kennimyndum (og 1. persónu eintölu).

### óreglulegar sagnir \*

nafnháttur	1. persóna eintala nútið	1. persóna eintala þátið	1. persóna fleirtala þátið	lýsingarháttur þátiðar	athugasemdir	þýðing
að...	ég...	ég...	við...	ég hef...		
eiga	á	átti	áttum	átt	+ þolfall "að"-hjálparsögn	
kunna	kann	kunni	kunnum	kunnað	+ þolfall "að" hjálparsögn	
mega	má	mátti	máttum	mátt	hjálparsögn	
muna	man	mundi	mundum	munað	+ þolfall	
munu	mun				hjálparsögn	
skulu	skal				hjálparsögn	
þurfa	þarf	þurfti	þurftum	þurft	+ þolfall "að"-hjálparsögn	
vera	er	var	vorum	verið	+ nefnifall "að" - hjálparsögn	
vilja	vil	vildi	vildum	viljað	+ þolfall hjálparsögn	
vita	veit	vissi	vissum	vitað	+ þolfall	

a-sagnir (regla \*1)

nafnháttur	1. persóna eintala nútíð	1. persóna eintala þátíð	1. persóna fleirtala þátíð	lýsingarháttur þátíðar	athugasemdir	þýðing
að...	ég...	ég...	við...	ég hef...		
baka	baka	bakaði	bökuðum	bakað	+ þolfall	
borða	borða	borðaði	borðuðum	borðað	+ þolfall	
borga	borga	borgaði	borguðum	borgað	+ (þágufall) + þolfall	
bursta	bursta	burstaði	burstuðum	burstað	+ þolfall	
byrja	byrja	byrjaði	byrjuðum	byrjað	+ þolfall "að"-hjálparsögn	
dansa	dansa	dansaði	dönsuðum	dansað	+ þolfall	
elda	elda	eldaði	elduðum	eldað	+ þolfall	
elska	elska	elskaði	elskuðum	elskað	+ þolfall	
hata	hata	hataði	hötuðum	hatað	+ þolfall	
hita	hita	hitaði	hituðum	hitað	+ þolfall	
hjálpa	hjálpa	hjálpaði	hjálpuðum	hjálpað	+ þágufall	
hlusta	hlusta	hlustaði	hlustuðum	hlustað		
hoppa	hoppa	hoppaði	hoppuðum	hoppað		
hugsa	hugsa	hugsaði	hugsuðum	hugsað	+ þolfall	
kalla	kalla	kallaði	kölluðum	kallað	+ þolfall	
klappa	klappa	klappaði	klöppuðum	klappað	+ þágufall	
kosta	kosta	kostaði	kostuðum	kostað	+ þolfall	
labba	labba	labbaði	löbbuðum	labbað		
lána	lána	lánaði	lánuðum	lánað	+ (þágufall) + þolfall	
langa	<i>mig langar</i>	<i>mig langaði</i>	<i>okkur langaði</i>	<i>langað</i>	Ópersónuleg sögn "mig langar"	
leita	leita	leitaði	leituðum	leitað	+ eignarfall	
loka	loka	lokaði	lokuðum	lokað	+ þágufall	
mála	mála	málaði	máluðum	málað	+ þolfall	
nota	nota	notaði	notuðum	notað	+ þolfall	
opna	opna	opnaði	opnuðum	opnað	+ þolfall	
prjóna	prjóna	prjónaði	prjónuðum	prjónað	+ þolfall	
safna	safna	safnaði	söfnuðum	safnað	+ þágufall	
sauma	sauma	saumaði	saumuðum	saumað	+ þolfall	
skamma	skamma	skammaði	skömmuðum	skammað	+ þolfall	
skoða	skoða	skoðaði	skoðuðum	skoðað	+ þolfall	
skrifa	skrifa	skrifaði	skrifuðum	skrifað	+ (þágufall) + þolfall	
skúra	skúra	skúraði	skúruðum	skúrað	+ þolfall	
sofna	sofna	sofnaði	sofnuðum	sofnað		
spila	spila	spilaði	spiluðum	spilað	+ þolfall	
stafa	stafa	stafaði	stöfuðum	stafað	+ þolfall	
stjórna	stjórna	stjórnaði	stjórnðuðum	stjórnað	+ þolfall	
strauja	strauja	straujaði	straujuðum	straujað	+ þolfall	
svara	svara	svaraði	svöruðum	svarað	+ þágufall	
tala	tala	talaði	töluðum	talað	+ þolfall	
tapa	tapa	tapaði	töpuðum	tapað	+ þágufall	
teikna	teikna	teiknaði	teiknuðum	teiknað	+ þolfall	
toga	toga	togaði	toguðum	togað	+ þolfall	
vakna	vakna	vaknaði	vöknuðum	vaknað		
þakka	þakka	þakkaði	þökkuðum	þakkað	+ þágufall	
ætla	ætla	ætlaði	ætluðum	ætlað	"að"-hjálparsögn	

i-sagnir (\*regla 2)

nafnháttur	1. persóna eintala nútið	1. persóna eintala þátið	1. persóna fleirtala þátið	lýsingarháttur þátiðar	athugasemdir	þýðing
að...	ég...	ég...	við...	ég hef...		
bæta	bæti	bætti	bættum	bætt	+ þolfall	
birta	birti	birti	birtum	birt	+ þolfall	
breyta	breyti	breytti	breyttum	breytt	+ þágufall	
brosa	brosi	brosti	brostum	brosað		
dæma	dæmi	dæmdi	dæmdum	dæmt		
færa	færi	færði	færðum	fært	+ (þágufall) + þolfall	
fylgja	fylgi	fyldi	fyldum	fylgt	+ þágufall	
gá	gái	gáði	gáðum	gáð		
gera	geri	gerði	gerðum	gert	+ þolfall	
gleyma	gleymi	gleymdi	gleymdum	gleymt	+ þágufall	
greiða	greiði	greiddi	greiddum	greitt	+ þolfall	
hætta	hætti	hætti	hættum	hætt	+ þágufall "að"-hjálparsögn	
heita	heiti	hét	hétum	heitið	+ nefnifall	
heyra	heyri	heyrdi	heyrdum	heyrt	+ þolfall	
horfa	horfi	horfði	horfðum	horft		
hringja	hringi	hringdi	hringdum	hringt		
kaupa	kaupi	keypti	keyptum	keypt	+ þolfall	
kenna	kenni	kenndi	kenndum	kennt	+ (þágufall) + þolfall	
keyra	keyri	keyrði	keyrðum	keyrt	+ þolfall	
kyssa	kyssi	kyssti	kysstum	kysst	+ þolfall	
leiða	leiði	leiddi	leiddum	leitt	+ þolfall	
læra	læri	lærði	lærðum	lært	+ þolfall "að"-hjálparsögn	
læsa	læsi	læsti	læstum	læst	+ þágufall	
lifa	lifi	lifði	lifðum	lifað		
lýsa	lýsi	lýsti	lýstum	lýst	+ þágufall	
minna	minni	minnti	minntum	minnt	(ópersónuleg sögn/ þf "mig minnir")	
nenna	nenni	nennti	nenntum	nennt	+ þágufall	
nefna	nefni	nefndi	nefndum	nefnt	+ þolfall	
ræða	ræði	ræddi	ræddum	rætt	+ þolfall	
reyna	reyni	reyndi	reyndum	reynt	+ þolfall "að"-hjálparsögn	
reykja	reyki	reykti	reyktum	reykt	+ þolfall	
sækja	sæki	sótti	sóttum	sótt	+ þolfall	
segja	segi	sagði	sögðum	sagt	+ (þágufall) + þolfall	
senda	sendi	sendi	sendum	sent	+ (þágufall) + þolfall	
skipta	skipti	skipti	skiptum	skipt	+ þágufall	
spá	spái	spáði	spáðum	spáð	+þágufall	
synda	syndi	synti	syntum	synt		
sýna	sýni	sýndi	sýndum	sýnt	+ (þágufall) + þolfall	
trúa	trúi	trúði	trúðum	trúað	(+þágufall)	
vaka	vaki	vakti	vöktum	vakað		
veita	veiti	veitti	veittum	veitt	+ (þágufall) + þolfall	
virða	virði	virti	virtum	virt	+ þolfall	
þegja	þegi	þagði	þögðum	þagað		



þekkinga	þekki	þekkti	þekktum	þekkt	+ þolfall	
þola	þoli	þoldi	þoldum	þolað	+þolfall	
þora	þori	þorði	þorðum	þorað	+þágufall	
þykja	þyki	þótti	þóttum	þótt	ópersónuleg sögn/ þgf "mér þykir"	

### 0-sagnir (regla\*3,\*4,\*5)

nafnháttur	1. persóna eintala nútíð	1. persóna eintala þátíð	1. persóna fleirtala þátíð	lýsingarháttur þátíðar	athugasemdir	þýðing
að...	ég...	ég...	við...	ég hef...		
ákveða	ákveð	ákvað	ákváðum	ákveðið	+ þolfall "að"-hjálparsögn	
bíða	bíð	beið	biðum	beðið	(+ eignarfall)	
biðja	bið	bað	báðum	beðið	+ þolfall	
bíta	bít	beit	bitum	bitið	+ þolfall	
bjóða	býð	bauð	buðum	boðið	+ (þágufall) + þolfall	
brjóta	brýt	braut	brutum	brotið	+ þolfall	
bregða	bregð	brá	brugðum	brugðið	ópersónuleg sögn/þgf "mér brá"	
detta	dett	datt	duttum	dottið		
draga	dreg	dró	drógum	dregið	+ þolfall	
drekka	drekk	drakk	drukkum	drukkið	+ þolfall	
falla	fell	féll	féllum	fallið		
fela	fel	faldi	földum	falið	veik þátíð + þolfall	
finna	finn	fann	fundum	fundið	+ þolfall	
fljúga	flýg	flaug	flugum	flogið		
flytja	flyt	flutti	fluttum	flutt	veik þátíð + þolfall	
ganga	geng	gekk	gengum	gengið		
gefa	gef	gaf	gáfum	gefið	+ (þágufall) + þolfall	
geta	get	gat	gátum	getað	+ þolfall + lýsingarháttur þt.	
gráta	græt	grét	grétum	grátið		
grípa	gríp	greip	gripum	gripið	+ þolfall	
hafa	hef	hafði	höfðum	haft	veik þátíð + þolfall + lýsingarháttur	
halda	held	hélt	héldum	haldið	+ þágufall	
hefja	hef	hóf	hófum	hafið	+ þolfall	
hlaupa	hleyp	hljóp	hlupum	hlaupið		
hljóta	hlýt	hlaut	hlutum	hlotið	+ þolfall "að"-hjálparsögn	
hverfa	hverf	hvarf	hurfum	horfið		
koma	kem	kom	komum	komið		
kveðja	kveð	kvaddi	kvöddum	kvatt	veik þátíð +þolfall	
láta	læt	lét	létum	látið	+ þolfall	
leggja	legg	lagði	lögðum	lagt	veik þátíð + þolfall	
leika	leik	lék	lékum	leikið	+ þolfall	
líða	líð	leið	liðum	liðið	ópersónuleg sögn/þf "mér líður"	
liggja	ligg	lá	lágum	legið		
líta	lít	leit	litum	litið		
ljúga	lýg	laug	lugum	logið	+ þágufall	

ljúka	lúk	lauk	lukum	lokið	+ þágufall	
ráða	ræð	réði	réðum	ráðið	+ þágufall	
reka	rek	rak	rákum	rekið	+ þolfall	
renna	renn	rann	runnum	runnið		
selja	sel	seldi	seldum	selt	veik þátíð + (þágufall) + þolfall	
setja	set	setti	settum	sett	veik þátíð + þolfall	
sitja	sit	sat	sátum	setið		
skilja	skil	skildi	skildum	skilið	veik þátíð + þolfall	
skreppa	skrepp	skrapp	skruppum	skroppið		
slökkva	slekk	slökkti	slökktum	slökkt	veik þátíð +þolfall	
sofa	sef	svaf	sváfum	sofið		
standa	stend	stóð	stóðum	staðið		
syngja	syng	söng	sungum	sungið	+ þolfall	
taka	tek	tók	tókum	tekið	+ þolfall	
telja	tel	taldi	töldum	talið	veik þátíð + þolfall	
valda	veld	olli	ollum / ullum	ollið / valdið	+þágufall	
velja	vel	valdi	völdum	valið	veik þátíð + þolfall	
verða	verð	varð	urðum	orðið	+ nefnifall "að"-hjálparsögn	
vinna	vinn	vann	unnum	unnið	+ þolfall	
þiggja	þigg	þáði	þáðum	þegið	+þolfall	

nafnháttur	1. persóna eintala nútið	1. persóna eintala þátíð	1. persóna fleirtala þátíð	lýsingarháttur þátíðar	athugasemdir	þýðing
<b>að...</b>	<b>ég...</b>	<b>ég...</b>	<b>við...</b>	<b>ég hef...</b>		
búa	bý	bjó	bjuggum	búið		
fá	fæ	fékk	fengum	fengið	+ þolfall "að"- hjálparsögn	
hlæja	hlæ	hló	hlógum	hlegið		
ná	næ	náði	náðum	náð	+ þágufall	
sjá	sé	sá	sáum	séð	+ þolfall	
snúa	sný	sneri	snerum	snúið	+ þágufall	
þvo	þvæ	þvoði	þvoðum	þvegið	+ þolfall	

nafnháttur	1. persóna eintala nútið	1. persóna eintala þátíð	1. persóna fleirtala þátíð	lýsingarháttur þátíðar	athugasemdir	þýðing
<b>að...</b>	<b>ég...</b>	<b>ég...</b>	<b>við...</b>	<b>ég hef...</b>		
bera	ber	bar	bárum	borið	+ þolfall	
fara	fer	fór	fórum	farið	"að"-hjálparsögn	
lesa	les	las	lásum	lesið	+ þolfall	
smyrja	smyr	smurði	spurðum	smurt	+þolfall	
spyrja	spyr	spurði	spurðum	spurt	+ þolfall	

## Listi yfir 8 flokka sterkra sagna, skipt eftir hljóðbreytingum

í	ei	i	i	1
bíða	beið	biðum	beðið	!
bíta	beit	bitum	bitið	
drífa	dreif	drifum	drifið	
grípa	greip	gripum	gripið	
líða	leið	liðum	liðið	
líta	leit	litum	litið	
ríða	reið	riðum	riðið	
rífa	reif	rifum	rifið	
rísa	reis	risum	risið	
síga	seig	sigum	sigið	
skína	skein	skinum	skinið	
skríða	skreið	skriðum	skriðið	
slíta	sleit	slitum	slitið	
stíga	steig	stigum	stigið	
þrífa	þreif	þrifum	þrifið	

jó/jú	au	u	o	2
bjóða	bauð	buðum	boðið	
brjóta	braut	brutum	brotið	
fljóta	flaut	flutum	flotið	
hljóta	hlaut	hlutum	hlotið	
kjósa	kaus	kusum	kosið	
njóta	naut	nutum	notið	
sjóða	sauð	suðum	soðið	
skjóta	skaut	skutum	skotið	
þjóta	þaut	þutum	þotið	
fjúka	fauk	fukum	fokið	
fljúga	flaug	flugum	flogið	
ljúga	laug	lugum	logið	
ljúka	lauk	lukum	lokið	
rjúka	rauk	rukum	rokið	
strjúka	strauk	strukum	strokið	

e/i	a	u	o/u	3
bresta	brast	brustum	brostið	
detta	datt	duttum	dottið	
skella	skall	skullum	skollið	
skreppa	skrapp	skruppum	skroppið	
sleppa	slapp	sluppum	sloppið	
spretta	spratt	spruttum	sprottið	
brenna	brann	brunnum	brunnið	
drekka	drakk	drukum	drukkið	
renna	rann	runnum	runnið	
finna	fann	fundum	fundið	!
skjálf	skalf	skulfum	skolfið	!
syngja	söng	sungum	sungið	!
hrökkva	hrökk	hrukkum	hrokkið	!
stökkva	stökk	stukkum	stokkið	!
binda	batt	bundum	bundið	!
springa	sprakk	sprungum	sprungið	!

e	a	á	o/u	4
bera	bar	bárum	borið	
nema	nam	námum	numið	
skera	skar	skárum	skorið	
stela	stal	stálum	stolið	
sofa	svaf	sváfum	sofið	!
koma	kom	komum	komið	!

i/e	a	á	e	5
biðja	bað	báðum	beðið	
drepa	drap	drápum	drepið	
gefa	gaf	gáfum	gefið	
ákveða	ákvað	ákváðum	ákveðið	
lesa	las	lásum	lesið	
meta	mat	mátum	metið	
reka	rak	rákum	rekið	

stinga	<b>stakk</b>	stungum	stungið	!
hverfa	hvarf	hurfum	horfið	!
velta	valt	ultum	oltið	!
verða	varð	urðum	orðið	!
vinna	vann	unnum	unnið	!

sitja	sat	sátum	setið	
geta	gat	gátum	getið/getað	!
vera	var	vorum	verið	!
liggja	lá	lágum	legið	!
sjá	sá	sáum	séð	!

<b>a</b>	<b>ó</b>	<b>ó</b>	<b>a/e</b>	<b>6</b>
ala	ól	ólum	alið	
fara	fór	fórum	farið	
grafa	gróf	grófum	grafið	
hlaða	hlóð	hlóðum	hlaðið	
deyja	dó	dóum	dáið	!
hefja	hóf	hófum	hafið	!
standa	stóð	stóðum	staðið	!
vaxa	óx	uxum	vaxið	!
valda	olli	ullum	valdið	!
aka	ók	ókum	ekið	
taka	tók	tókum	tekið	
vega	vó	vógum	vegið	
draga	dró_	drógum	dregið	!
hlæja	hló	hlógum	hlegið	!
slá	sló	slógum	slegið	!
troða	tróð	tróðum	troðið	!

	<b>é</b>	<b>é</b>		<b>7</b>
heita	hét	hétum	heitið	
leika	lék	lékum	leikið	
falla	féll	féllum	fallið	
halda	hélt	hældum	haldið	!
blása	blés	blésum	blásið	
gráta	grét	grétum	grátið	
láta	lét	létum	látið	
ráða	réð	réðum	ráðið	
fá	fékk	fengum	fengið	!
ganga	gekk	gengum	gengið	!
hanga	hékk	héngum	hangið	!

	<b>jó</b>	<b>ju/u</b>		<b>7</b>
auka	jók	jukum	aukið	
hlaupa	hljóp	hlupum	hlaupið	
búa	bjó	bjuggum	búið	!

## 2.3 Hættir og fleira

### 2.3.1 Sagnasambönd

Sagnasamband er þegar tvær (eða fleiri) sagnir standa saman. Fyrri sögnin er hjálparsögn og er beygð eftir persónu og sú síðari er aðalsögn í nafnhætti (og beygist ekki), ýmist með nafnháttarmerki „að“ eða ekki.

Dæmi: *Ég vil fara út.* (*vilja* er hjálparsögn; *fara* er í nafnhætti).

*Ég ætla að lesa bók.* (*ætla* er hjálparsögn; *að lesa* er í nafnhætti)

#### Hjálparsagnir án nafnháttarmerkis (=ekki með „að“):

Með þessum sögnum kemur sögn í nafnhætti:

*mega\**, *munu\**, *skulu\**, *vilja\**

- **Mega** er notuð til að biðja um leyfi og til að segja til um hvað (gerandinn) má gera. Dæmi:

*Má ég hringja?*

*Það má reykja úti*

- **Munu** er notuð til að tjá framtíð eða eitthvað sem hugsanlega gerist. Dæmi:

*Ég mun fara til Ítalíu á næsta ári*

*Anna mun líklega tala við okkur á morgun*

- **Skulu** lýsir ætlun, sérstaklega í setningum þar sem gerandinn er að bjóðast til að gera eitthvað. Hún er aldrei notuð í spurningum, þátíð eða boðhætti! Stundum er hún notuð til að lýsa ósk um gerðir einhvers annars. Dæmi:

*Ég skal vaska upp*

*Hann skal borga mér skuldina!*

- **Vilja** lýsir vilja eða löngun. Getur líka merkt beiðni eða skipun.

*Við viljum horfa á sjónvarpið í kvöld*

*Viltu loka glugganum?*

*Viltu hætta þessu!*

#### „Að“ hjálparsagnir

Með þessum hjálparsögnum kemur nafnháttarmerkið „að“ :

*eiga\**, *vera\**, *verða\*3*, *þurfa\**, *ætla\*1*

- **Eiga** felur í sér fyrirmæli eða skipanir frá einhverjum öðrum en geranda. Dæmi:

*Hann á að borga skatta. Allir eiga að borga skatta!*

*Þú átt að mæta í vinnuna klukkan átta*

Þegar **eiga** er notuð sem hjálparsögn í spurningu getur hún merkt beiðni um ráð eða að verið sé að bjóða fram aðstoð. Dæmi:

Hvað á ég að gera?  
Á ég að aðstoða þig?

- **Vera** er notuð sem hjálparsögn til að tjá yfirstandandi nútíð. Dæmi:

Ég **er** að læra íslensku  
**Ertu** að vinna núna?

Þegar **vera** er notuð í þátíð sem hjálparsögn merkir sagnasambandið nýliðinn atburð eða atburð sem gerist á sama tíma og annar atburður í þátíð, setningarnar eru tengdar saman með *þegar*.

Ég **var** að koma heim (= ég er nýkomin heim)  
Síminn **var** að hringja *þegar* ég kom inn

- **Verða** er notuð til að tjá nauðsyn.

Hann **verður** að tala íslensku í vinnunni  
Ég **verð** að kaupa mér nýja skó

- *þurfa* tjáir líka nauðsyn eða þörf

Við **þurfum** að kaupa nýjan bíl. Gamli bíllinn er ónýtur.

- **Ætla** tjáir ætlun eða eitthvað sem gerandinn ákveður sjálfur að gera í framtíðinni.

Ég **ætla** að fara til London í sumar

Sögninni *að fara* er oft sleppt með sögninni *ætla*.

Ég **ætla** að fara til London= Ég **ætla** til London

### Aðrar sagnir sem geta verið hjálparsagnir

ákveða\*3, byrja\*1, fara\*5, fá\*4 hætta\*2, kunna\*, langa (ópersónuleg sögn „mig langar“), hljóta\*3 læra\*2, reyna\*2

Ákveða: Ég **ákvað** að fara í bæinn í dag  
Byrja: Hún **byrjar** að spara á morgun  
Fara: Ég **fer** að fara (=ég fer eftir smástund)  
Hljóta: Það **hlýtur** að hætta að rigna á morgun  
Hætta: Ég **hætti** að reykja um áramótin  
Kunna: **Kanntu** að spila á gítar?  
Langa: **Mig langar** að læra frönsku  
Læra: Barnið **lærir** að lesa í skólanum

Reyna: **Reyndu að** brosa  
 Fá: Hann **fékk að** eiga hundinn (=hann mátti eiga hundinn)

- Sagnasambönd geta innihaldið fleiri en eina aðalsögn. Dæmi:

Ég er að fara að reyna að hætta að reykja

### 2.3.2 Ópersónulegar sagnir

Ópersónulegar sagnir beygjast ekki eftir persónum. Frumlagið er í þolfalli eða þágufalli. Sagnmyndin er alltaf í þriðju persónu. Dæmi:

**Mig langar í banana**

**Mér finnst gaman að læra íslensku**

Það þarf bara að muna að beygja frumlagið rétt! Sögnin er alltaf eins. Dæmi:

<i>mig</i>	<b>langar</b>	<i>mér</i>	<b>finnst</b>
<i>þig</i>	<b>langar</b>	<i>þér</i>	<b>finnst</b>
<i>hann/hana/það</i>	<b>langar</b>	<i>honum/henni/því</i>	<b>finnst</b>
<i>okkur</i>	<b>langar</b>	<i>okkur</i>	<b>finnst</b>
<i>ykkur</i>	<b>langar</b>	<i>ykkur</i>	<b>finnst</b>
<i>þá/þær/þau</i>	<b>langar</b>	<i>þeim</i>	<b>finnst</b>

- Ópersónulegar sagnir sem hafa frumlag í þolfalli eru:

*langa, dreyma, gruna, minna, vanta, klæja, svima, verkja, svíða, syfja.*

Langa: Hana **langar** að byrja í skóla  
 Dreyma: Þig **dreymir** um að flytja í nýtt hús  
 Gruna: Okkur **grunar** að hún sé ófrísk  
 Minna: Mig **minnir** að skólinn byrji klukkan sex  
 Vanta: Hann **vantar** nýja skó  
 Klæja: Mig **klæjar** á fótunum  
 Svima: Mig **svimar** þegar ég drekk of mikinn bjór  
 Verkja: Mig **verkjar** í höfðinu  
 Svíða: Hana **svíður** í sárinu  
 Syfja: Mig **syfjar** af rauðvíninu

- Ópersónulegar sagnir sem hafa frumlag í þágufalli eru:

*finnst, þykja, leiðast, detta í hug, að takast, að ganga (vel/illa), batna, versna, líða, líka, létta, sárna.*

finnst: Mér **finnst** gaman að vinna  
 þykja: Honum **þykir** leiðinlegt í skólanum (=honum finnst leiðinlegt)  
 leiðast: Henni **leiðist** að vera ein heima  
 detta í hug: Mér **datt í hug** að hringja í þig!

<i>takast:</i>	Okkur <b>tókst</b> að vinna leikinn
<i>að ganga (vel/illa):</i>	Hvernig <b>gengur</b> þér að læra? Mér gengur vel
<i>Batna:</i>	Þér <b>batnar</b> ef þú tekur lyfin þín
<i>Versna:</i>	Honum <b>versnaði</b> þegar hann hætti að taka lyfin
<i>Líða:</i>	Mér <b>líður</b> vel
<i>Líka:</i>	Mér <b>líkar</b> vel á Íslandi
<i>Létta:</i>	Henni <b>léttir</b> þegar hún heyrir fréttirnar
<i>Sárna:</i>	Mér <b>sárnaði</b> þegar hann sagði þetta

### 2.3.2 Boðháttur

Boðháttur er notaður þegar verið er að skipa fyrir, gefa fyrirmæli eða óska eftir einhverju. Hann er bara til í annarri persónu, eintölu og fleirtölu (þú og þið).

Dæmi:

Eintala:  
**Farðu** út!  
**Komdu** heim!  
**Bíddu** aðeins!  
**Segðu** mér sögu

Fleirtala  
**Fariði** út!  
**Komiði** heim!  
**Bíðið(i)** aðeins!  
**Segið(i)** mér sögu

- **Boðháttur í eintölu** er búinn til úr stofni sagnar og viðskeyti sem er bætt við stofninn. Sögnin stendur fremst í setningunni.

Dæmi: **far-ðu** út! (far- er stofninn; -ðu er viðskeyti og er veikluð mynd af persónufornafninu þú)

Viðskeytið er **-ðu, -du, -ddu** eða **-tu** eftir því á hvaða hljóði stofn sagnarinnar endar!

**-ðu** kemur á eftir, reglu 1 (a-sögnum), og sérhljóða + r,f,g,gg:

Dæmi:

Stofn endar á:

Sérhljóða	<b>Náðu</b> í boltann fyrir mig (ná er stofninn, -ðu er viðskeytið)
Reglu 1 (a-sögnum)	<b>Hlustaðu</b> á mig! (hlusta er stofninn, -ðu er viðskeytið)
Sérhljóða + r	<b>Farðu</b> út! (far -ðu)
Sérhljóða + f	<b>Gefðu</b> mér kaffi! (gef -ðu)
Sérhljóða + g	<b>Segðu</b> satt! (seg -ðu)
Sérhljóða + gg	<b>liggðu</b> kyrr! (ligg -ðu)

**-du** kemur á eftir sérhljóða + m, mm, n, l



Dæmi:

Stofn endar á:

Sérhljóða + m

**Komdu** strax heim! (kom er stofninn, -du er viðskeytið)

Sérhljóða + mm

**Klemmdu** aftur augun (klemm, -du)

Sérhljóða + n

**Reyndu** að slaka á! (reyn, -du)

Sérhljóða + l

**Veldu** þér eitthvað að drekka (vel, -du)

**-ddu** kemur á eftir sérhljóða + ð (ð breytist í **d**)

Dæmi:

Stofn endar á

Sérhljóða+ð **Bíddu** aðeins! (bíð er stofninn; ð breytist í d og fær viðskeytið –du)

**-tu** kemur á eftir sérhljóða + s(s), p(p), t(t), k(k)

Dæmi:

Stofn endar á

Sérhljóða + s

**Lestu** bókina! (les er stofninn, – tu er viðskeytið)

Sérhljóða + p

**Hlauptu** hratt! (hlaup–tu)

Sérhljóða + t

**Settu** mjólkina í ísskápinn (set – tu)

Sérhljóða + k

**Taktu** pennann (tak-tu)

Erfitt er að gefa reglur um boðhált sagna sem hafa stofn sem endar á fleiri en einum samhljóða. Stundum verða breytingar á stofni. Dæmi um nokkrar slíkar:

Benda: **bentu** á bílinn þinn

Henda: **hentu** ruslinu fyrir mig

Senda: **sendu** bréfið í pósti

Standa: **stattu** kyrr!

Hringja: **hringdu** í mig

Syngja: **syngdu** hærra

Ganga: **gakktu** áfram!

Horfa: **horfðu** á mig

Hella: **helltu** kaffi í bollann

- **Boðháltur í fleirtölu.** Þegar fleiri en einum er skipað fyrir, gefin ráð eða fyrirmæli er notuð nútíð í annarri persónu fleirtölu. Sögnin stendur fremst og oftast er fornafninu *þið* sleppt og *–i* bætt við sagnmyndina.

Dæmi:

**Komiði!** (=komið þið)

**Hlustiði** nú vel! (=hlustið þið nú vel)

- Boð og bönn

Ef skipun er neikvæð, t.d. verið er að banna eitthvað eða vara við einhverju, má nota boðhált með atviksorðinu *ekki*:

**Farðu ekki langt!**

**Gleymdu ekki nestinu!**

Það má líka nota nafnhátt, en þá stendur *ekki* fyrir framan sögnina:

**Ekki fara langt!**

**Ekki gleyma nestinu!**

### 2.3.3 Lýsingarháttur

Lýsingarháttur er til í nútíð og þátíð.

Dæmi:

Lýsingarháttur nútíðar: *Ég er **sofandi***

Lýsingarháttur þátíðar: *Ég hef **sofið** lengi*

Stundum eru óljóst hvort um er að ræða lýsingarhátt eða lýsingarorð.

- **Lýsingarháttur nútíðar** endar á **-andi**, er notaður með sögninni *vera* og beygist ekki. Aðallega notaður til að lýsa yfirstandandi ástandi.

Dæmi:

*Þetta eru **vinnandi** menn*

*Hún er **standandi***

*Hann er **sitjandi***

- **Lýsingarháttur þátíðar** er notaður með sögnunum **hafa**, **geta** og **vera** (og **verða**). Með *hafa* og *geta* er hann óbeýgður í eintölu, hvorugkyni en með *vera* (og *verða*) beygist hann í kynjum, tölu og falli líkt og lýsingarorð.

Dæmi:

*Geturðu **sagt** mér hvað klukkan er?*

*Hefurðu **komið** til Egyptalands?*

*Konan er **farin** heim til sín*

- Með sögninni *hafa* lýsir lýsingarhátturinn atburðum (eða ástandi) í þátíð sem eru liðnir en gætu þó ennþá verið yfirstandandi, eða hafa verið endurteknir í þátíð. Hann er oft notaður með atviksorðunum *alltaf*, *oft*, *stundum*, *sjaldan*, *aldrei*. Dæmi:

*Ég hef **búið** á Íslandi í sjö ár (og ég bý þar ennþá)*

*Ég hef **oft farið** til Spánar*

*Hann **hefur aldrei drukkið** kaffi*

Oft er hægt að nota orðasambandið „*vera búin/n að*“ + nafnháttur í stað lýsingarháttar með sögninni *hafa* ef um er að ræða endurtekningu í þátíð eða atburð/ástand sem byrjaði í fortíð en er enn yfirstandandi. Dæmi:

Ég er oft búinn að lesa bókina = Ég hef oft lesið bókina.  
Ég er búinn að búa á Íslandi í sjö ár= Ég hef búið á Íslandi í sjö ár

- Með sögninni *geta* tjáir lýsingarhátturinn það sem gerandinn (frumlagið) hefur möguleika til að gera.

Barnið **getur gengið**

**Geturðu talað** við mig?

Ég **get ekki lesið** textann af því að ég er ekki með gleraugun

Gott er að vita muninn á *kunna* og *geta*. *Kunna* á við eitthvað sem maður hefur lært en *geta* á við um það sem maður hefur möguleika til að gera...

Ég **kann** að keyra en ég **get** ekki keyrt núna af því að bíllinn er bilaður

- **Myndun lýsingarháttar með sögnunum *hafa* og *geta*.**

Myndun lýsingarháttar er mismunandi eftir sagnareglum.

**Regla 1 (a-sagnir):** endar á –ð:

Dæmi:       Ég hef **dansað** tangó  
              Ég get **talað** íslensku  
              Ég hef **spilað** póker

Lýsingarháttur a-sagna er alveg reglulegur, næstum engar undantekningar eru á reglunni.

Ein undantekning!! Sögnin *meina* er a-sögn í nútíð (ég *meina það!*), tekur -ti endingu beint á stofn í þátíð (ég *meinti það sem ég sagði*) og -t endingu í lýsingarhætti:

*Meina:*       Hefurðu **meint** allt sem þú hefur sagt?

**Regla 2 (i-sagnir):** -t bætist við stofn

Dæmi:       Ég hef oft **keyrt** bíl (**keyr** er stofn, **-t** er endingin)  
              Getur þú **hringt** í mig á morgun? (**hring-t**)

Lýsingarháttur i-sagna er nokkuð óreglulegur. Þær sagnir sem verða fyrir b-víxlum í þátíð taka sömu breytingu í lýsingarhætti:

Dæmi:

*Segja:*       Geturðu **sagt** mér hvað klukkan er?  
*Sækja:*      Ég get **sótt** þig klukkan fimm  
*Þykja:*      Mér hefur **þótt** gaman í skólanum

Óþolandi undantekningar:

*Lifa:*        Hann hefur **lifað** í 87 ár

Brosa: Getur þú **brosað** aðeins meira?  
 Vaka: Við höfum **vakað** í alla nótt  
 Trúa: Ég hef alltaf **trúað** á álfa  
 Þola: Hann hefur aldrei **þolað** yfirmann sinn  
 Þora: Ég hef ekki **þorað** að tala við hann  
 Þegja: Getiði **þagað** í smástund?  
 Gá: Geturðu **gáð** hvort einhver er kominn?  
 Spá: Hefur veðurfræðingurinn **spáð** góðu veðri?

**Reglur 3,4,5 (0-sagnir): -ið** ending bætist við stofn. Ýmislegt óreglulegt gerist í lýsingarhætti sterkra sagna! Til dæmis verða hljóðbreytingar á stofni og ekki allar taka endinguna –ið.

Dæmi: **-ið-** ending, engar hljóðbreytingar á stofni:

Koma: Ég hef **komið** til Ástralíu  
 Ákveða: Ég hef **ákveðið** að hætta að reykja  
 Hlaupa: Hann getur **hlaupið** mjög hratt  
 Fara: Geturðu **farið** út í búð fyrir mig?  
 Gefa: Þú hefur **gefið** mér mikið

Dæmi: **-ið-** ending, hljóðbreytingar á stofni:

Bíða: Geturðu **beðið** í smástund?  
 Þjóða: Ég hef oft **boðið** honum í mat  
 Fá: Gæti ég **fengið** matseðilinn?  
 Finna: Ég hef ekki **fundið** húfuna mína lengi  
 Drekkja: Ég get ekki **drukkið** mikið vín  
 Gangi: Hann hefur aldrei **gengið** í vinnuna  
 Liggja: Geturðu **leggið** kyrr í smástund?  
 Syngja: Hún hefur alltaf **sungjið** vel  
 Vinna: Hann hefur **unnið** hér lengi  
 Þvo: Getur þú **þvegið** upp fyrir mig?

Dæmi: **-t** ending á stofn í lýsingarhætti, **veik ending (-ði,-di,-ti)** í þátíð!

*Hafa, leggja, flytja, selja, setja, smyrja, spyrja, kveðja, slökkva,*

Hafa: Ég **hafði** ekki áhuga á bókinni. Ég hef aldrei **haft** áhuga á bókum  
 Leggja: Ég **lagði** mig í hádegina. Ég hef oft **lagt** mig í hádegina  
 Flytja: Við **fluttum** í gær. Ég hef oft **flutt** milli landa  
 Selja: **Seldirðu** íbúðina? Nei, ég get ekki **selt** hana!  
 Setja: Hvar **settir** þú mjólkina? Geturðu **sett** hana inn í ísskáp?  
 Smyrja: Hann **smurði** brauðsneiðina. Hann hefur aldrei **smurt** brauðsneið áður  
 Spyrja: Ég **spurði** þig um heilsuna. Ég hef aldrei **spurt** um aldur þinn  
 Kveðja: Hann **kvaddi** með kossi. Hann hefur alltaf **kvatt** með kossi  
 Slökkva: Ég **slökkti** á sjónvarpinu. Geturðu **slökkt** ljósið?

*Velja, telja og skilja taka veika endingu í þátíð, en –ið endingu í lýsingarhætti:*

**Velja:** Ég **valdi** fallegan kjól fyrir veisluna. Hefurðu **valið** þér föt?  
**Telja:** Ég **taldi** ekki gestina í veislunni. Getur þú **talið** þá?  
**Skilja:** Ég **skildi** ekki spurninguna. Ég hef aldrei **skilið** kennarann!

Dæmi: -ð ending í lýsingarhætti.

**Ná:** Ég **náði** bílprófinu. Ég hef aldrei **náð** því áður!  
**Sjá:** Ég **sá** bílinn í gær. Ég hef ekki **séð** hann áður!  
**Ske:** Hvað **skeði**? Hvað hefur **skeð**?

### Óreglulegar sagnir og lýsingarháttur

-að ending: kunna, vilja, vita

**Kunna:** Ég hef aldrei **kunnað** að reima skó!  
**Vilja:** Hann hefur aldrei **viljað** læra íslensku!  
**Vita:** Ég hef aldrei **vitað** annað eins!

-ið ending: vera

**Vera.** Hann hefur oft **verið** skemmtilegur

-t ending: eiga, mega, þurfa

**Eiga:** Hún hefur aldrei **átt** bíl  
**Mega:** Þú hefur **mátt** hringja inni á kaffistofu  
**Þurfa:** Þau hafa oft **þurft** að flytja

- **Myndun lýsingarháttar með sögninni vera (og verða).**

Lýsingarháttur með sögnunum **vera** og **verða** beygist í kyni, tölu og falli eins og lýsingarorð. Myndun hans fer eftir stofngerð sagnarinnar, hann er myndaður út frá þátíðarmyndinni. Sömu undantekningar gilda og þær sem hefur verið lýst í kaflanum. Þegar lýsingarhátturinn er notaður á þennan hátt kallast það *þolmynd* (sjá nánar kafla 3.4.3).

**a-sagnir** (regla 1, veikar sagnir) hafa endingarnar:

-aður; -uð; -að í **eintölu** og –aðir; -aðar; -uð í **fleirtölu**

Dæmi:

elska: (kk) elskaður /elskaðir (kvk) elskuð/elskaðar (hk) elskað/elskuð

Forsetinn er **elskaður** af þjóðinni. Forsetarnir eru **elskaðir** af þjóðunum.  
Amman er **elskuð** af barnabörnum sínum. Ömmurnar eru **elskaðar**...  
Barnið er **elskað** af foreldrum sínum. Börnin eru **elskuð**...

**i-sagnir** (regla 2, veikar sagnir) hafa endingarnar

-dur/-ður/-tur; -d /-ð/-t; -t í **eintölu** og –dir/ðir/tir; -dar,ðar,tar; -d/-ð/-t í **fleirtölu**

gera: (kk) gerður/gerðir

(kvk) gerð/gerðar

(hk) gert/gerð

*Samningurinn verður **gerður** á eftir. Samningarnir verða **gerðir** á eftir.  
Skýrslan var **gerð** í síðustu viku. Skýrslurnar voru **gerðar** í síðustu viku.  
Hvað verður **gert** á fundinum? Verða **gerð** ný lög?*

**0- sagnir** (reglur 3,4,5, sterkar sagnir) hafa endingarnar

-inn; -in; -ið í **eintölu** og -nir; -nar; -in í **fleirtölu**. Hér eru þó ýmsar undantekningar!

koma: (kk) kominn/komnir

(kvk) komin/komnar

(hk) komið/komin

*Hvenær er hann **kominn** heim? Hvenær eru þeir **komnir** heim?  
Flugvélin verður **komin** eftir hálf tíma. Þær verða **komnar** eftir hálf tíma.  
Bréfið er **komið**! Bréfin eru **komin**!*

Oft eru óljós mörk milli lýsingarháttar og lýsingarorða. Orðið telst lýsingarorð ef það lýsir frekar *afleiðingu* verknaðar eða ástandinu sem hann leiðir til en verknaðinum sjálfum. Þá er sagt að lýsingarorðin séu „búin til“ úr lýsingarhættinum.

Dæmi:

*Bíllinn er **bilaður***

*Konan er mikið **máluð***

*Barnið er **horfið***

Ef sett er forskeyti á lýsingarháttinn má telja víst að hann sé orðinn að lýsingarorði:

Dæmi:

*Hann er **nýfarinn**!*

*Hún er **ómáluð***

*Rúmið er **ónotað***

### 2.3.4 Viðtengingarháttur

Viðtengingarháttur er meðal annars notaður til að tjá

- óvissu: ***Ætli** það **rigni** á morgun?*
- möguleika: *Ég held að hún **komi** í næstu viku*
- kurteisi: ***Gætir** þú sagt mér hvað klukkan er?*
- skilyrði: *Ef ég **ætti** milljón **myndi** ég kaupa mér flottan bíl*
- óbeina ræðu: *Hún sagði að hún **kæmi** í næstu viku*

Viðtengingarháttur skiptist í viðtengingarhátt I og viðtengingarhátt II.

- **Viðtengingarháttur I** er stundum kallaður viðtengingarháttur nútíðar. Hann er myndaður þannig að allar sagnir (í öllum reglum!) taka þessar endingar: **-i,-ir,i-,um-ið,-i**. Sögnin vera er óregluleg í viðtengingarhætti 1.

		<b>tala*1</b>	<b>læra*2</b>	<b>koma*3</b>	<b>fá*4</b>	<b>fara*5</b>	<b>vera*</b>
ég	<b>-i</b>	tali	læri	komi	fái	fari	sé
þú	<b>-ir</b>	talir	lærir	komir	fáir	farir	sért
hann hún það	<b>-i</b>	tali	læri	komi	fái	fari	sé
við	<b>-um</b>	tölum	lærum	komum	fáum	förum	séum
þið	<b>-ið</b>	talið	lærið	komid	fáið	farið	séuð
þeir þær þau	<b>-i</b>	tali	læri	komi	fái	fari	séu

Hvenær er viðtengingarháttur I notaður? Hann er notaður til að tjá

- Ósk og hvatningu. Dæmi:

**Gangi** þér vel!

**Megi** gæfan fylgja þér!

Bara að hann **komi** nú heim fljótlega!

Ég vona að þú **fáir** bráðum ríkisborgararétt

- Óvissu eða möguleika. Dæmi:

**Ætli** hann **tali** íslensku?

Ég held að hún **læri** alltaf heima

Ég efast um að hann **komi** í kvöld

Hann er ekki viss um að hann **fái** ríkisborgararétt.

Hver heldur þú að þú **sért**?

- Óbeina ræðu. Dæmi:

Hann segir að hann **sé** peningalaus

Hún spyr hvort ég **eigi** bíl

Hann segir að amma **sé** heima (og hún er það ennþá)

Hann segir að amma **hafi verið** heima (en hún er það ekki lengur)

Það er líka hægt að nota miðmynd til að tjá óbeina ræðu. Dæmi:

Hann segist vera peningalaus = hann segir að hann sé peningalaus

Sjá meira um miðmynd kafla 2.4.2

- Viðtengingarháttur II er stundum kallaður viðtengingarháttur þátíðar. Endingarnar eru: **-i,-ir,-i,-um,-uð,-u**. Flestar sagnir sem tilheyra a-sögnum og i-sögnum (reglum \*1 og \*2) í nútíð (veikar sagnir) eru eins í þátíð og viðtengingarhætti II. Dæmi:

Tala þátíð: *Ég **talaði** við þig í gær.*

Tala viðtengingarháttur II: *Ég sagði að ég **talaði** frönsku*

Læra þátíð *Ég **lærði** heima um helgina*

Læra viðtengingarháttur II *Ef ég **lærði** betur heima, gæti ég talað meiri íslensku*

*Munu og skulu* eru mikið notaðar í V-II (hafa veika endingu í V-II): *myndi* og *skyldi*.

Í sterkum sögnum verða oft hljóðbreytingar í stofni í viðtengingarhætti og gott að læra þær algengustu utan að! Hér eru dæmi um nokkrar algengar sterkar sagnir í V-II. *Vera* og *eiga* eru óreglulegar.

		koma	fara	geta	vera	eiga
ég	<b>-i</b>	kæmi	færi	gæti	væri	ætti
þú	<b>-ir</b>	kæmir	færir	gætir	værir	ættir
hann hún það	<b>-i</b>	kæmi	færi	gæti	væri	ætti
við	<b>-um</b>	kæmum	færum	gætum	værum	ættum
þið	<b>-uð</b>	kæmuð	færuð	gætuð	væruð	ættuð
þeir þær þau	<b>-u</b>	kæmu	færu	gætu	væru	ættu



Hvenær er viðtengingarháttur II notaður? Hann er notaður til að tjá:

- Ósk eða kurteisi. Dæmi:

**Gæti** ég fengið reikninginn?  
**Mætti** ég hringja?  
**Værir** þú til í að lána mér pening?  
Ég **vildi** óska að hann **kæmi** heim!

- Óvissu eða efa. Dæmi:

**Ætti** ég að læra íslensku?  
Finnst þér að hann **ætti** að sækja um styrk?  
Ég er ekki viss um að ég **gæti** lært íslensku

- Óbeina ræðu. Dæmi:

Hann sagði að hann **væri** peningalaus  
Við sögðum að við **kæmum** á morgun  
Þú spurðir mig hvort ég **ætti** bíl  
Hann sagði að amma **væri** heima (og hún er það líklega ennþá)  
Hann sagði að amma **hefði** verið heima (en hún er það ekki endilega lengur)

- Skilyrði. Dæmi:

Ég **færi** ef ég **gæti**  
Við **kæmum** ef við **hefðum** tíma

Sagnirnar *munu* og *skulu* eru mikið notaðar í viðtengingarhætti II og tjá:

- Skilyrði. Dæmi:

Hvað **myndir** þú gera ef þú **værir** ég?  
Ég **myndi** læra að keyra, ef ég **ætti** bíl

- Óvissu. Dæmi:

Hvar **skyldi** strætó vera?  
Hvenær **skyldi** sumarið koma?

Listi yfir sagnir í viðtengingarhætti I og viðtengingarhætti II (1. persóna, ég...)

óreglulegar sagnir \*

nafnháttur	viðtengingarháttur I 1. persóna ég...	viðtengingarháttur II 1. persóna ég...	þýðing
<b>að...</b>			
eiga	eigi	ætti	
kunna	kunni	kynni	
mega	megi	mætti	
muna	muni	myndi	
munu	-	myndi	
skulu	-	skyldi	
þurfa	þurfi	þyrfti	
vera	sé	væri	
vilja	vilji	vildi	
vita	viti	vissi	

a-sagnir (regla \*1)

nafnháttur	viðtengingarháttur I 1. persóna ég...	viðtengingarháttur II 1. persóna ég...	býðing
að...			
baka	baki	bakaði	
borða	borði	borðaði	
borga	borgi	borgaði	
bursta	bursti	burstaði	
byrja	byrji	byrjaði	
dansa	dansi	dansaði	
elda	eldi	eldaði	
elska	elski	elskaði	
hata	hati	hataði	
hita	hiti	hitaði	
hjálpa	hjálpi	hjálpaði	
hlusta	hlusti	hlustaði	
hoppa	hoppi	hoppaði	
hugsa	hugsi	hugsaði	
kalla	kalli	kallaði	
klappa	klappi	klappaði	
kosta	kosti	kostaði	
labba	labbi	labbaði	
lána	láni	lánaði	
langa	langi	langaði	
leita	leiti	leitaði	
loka	loki	lokaði	
mála	máli	málaði	
nota	noti	notaði	
opna	opni	opnaði	
prjóna	prjóni	prjónaði	
safna	safni	safnaði	
sauma	saumi	saumaði	
skamma	skammi	skammaði	
skoða	skoði	skoðaði	
skrifa	skrifi	skrifaði	
skúra	skúri	skúraði	
sofna	sofni	sofnaði	
spila	spili	spilaði	
stafa	stafi	stafaði	
stjórna	stjórni	stjórnaði	
strauja	strauji	straujaði	
svara	svari	svaraði	
tala	tali	talaði	
tapa	tapi	tapaði	
teikna	teikni	teiknaði	
toga	togi	togaði	
vakna	vakni	vaknaði	
þakka	þakki	þakkaði	
ætla	ætli	ætlaði	

i-sagnir (\*regla 2)

nafnháttur	viðtengingarháttur I 1. persóna ég...	viðtengingarháttur II 1. persóna ég...	þýðing
<b>að...</b>			
bæta	bæti	bætti	
birta	birti	birti	
breyta	breyti	breytti	
brosa	brosi	brosti	
færa	færi	færði	
fylgja	fylgi	fylgdi	
gera	geri	gerði	
gleyma	gleymi	gleymdi	
greiða	greiði	greiddi	
hætta	hætti	hætti	
heita	heiti	héti	
heyra	heyri	heyrði	
horfa	horfi	horfði	
hringja	hringi	hringdi	
kaupa	kaupi	keypti	
kenna	kenni	kenndi	
keyra	keyri	keyrði	
kyssa	kyssi	kyssti	
leiða	leiði	leiddi	
læra	læri	lærði	
læsa	læsi	læsti	
lifa	lifi	lifði	
lýsa	lýsi	lýsti	
minna	minni	minnti	
nenna	nenni	nennti	
nefna	nefni	nefndi	
ræða	ræði	ræddi	
reyna	reyni	reyndi	
reykja	reyki	reykti	
sækja	sæki	sækti	
segja	segi	sagði	
senda	sendi	sendi	
skipta	skipti	skipti	
synda	syndi	synti	
sýna	sýni	sýndi	
vaka	vaki	vakti	
veita	veiti	veitti	
virða	virði	virtti	
þekkja	þekki	þekkti	
þykja	þyki	þætti	

0-sagnir (regla\*3,\*4,\*5)

nafnháttur	viðtengingarháttur I 1. persóna ég...	viðtengingarháttur II 1. persóna ég...	býðing
<b>að...</b>			
ákveða	ákveði	ákvæði	
biða	bíði	biði	
biðja	biðji	bæði	
bíta	bíti	biti	
bjóða	byði	byði	
brjóta	bryti	bryti	
bregða	bregði	brygði	
detta	detti	dytti	
draga	dragi	drægi	
drekka	drekki	drykki	
falla	falli	félli	
fela	feli	feldi	
finna	finni	finni	
fljúga	fljúgi	flygi	
flytja	flytji	flytti	
ganga	gangi	gengi	
gefa	gefi	gæfi	
geta	geti	gæti	
gráta	gráti	gréti	
grípa	grípi	gripi	
hafa	hafi	hefði	
halda	haldi	héldi	
hefja	hefji	hæfi	
hlaupa	hlaupi	hlypi	
hljóta	hljóti	hlyti	
hverfa	hverfi	hyrfi	
koma	komi	kæmi	
láta	láti	léti	
leggja	leggi	legði	
leika	leiki	léki	
líða	líði	liði	
liggja	liggi	lægi	
líta	líti	liti	
ljúga	ljúgi	lygi	
ljúka	ljúki	lyki	
ráða	ráði	réði	
reka	reki	ræki	
renna	renni	rynni	
selja	selji	seldi	
setja	setji	setti	
sitja	sitji	sæti	
skilja	skilji	skildi	
skreppa	skreppi	skryppi	
sofa	sofi	svæfi	
standa	standi	stæði	
syngja	syngi	syngi	
taka	taki	tæki	
telja	telji	teldi	
velja	velji	veldi	
verða	verði	yrði	
vinna	vinni	ynni	

nafnháttur	viðtengingarháttur I 1. persóna ég...	viðtengingarháttur II 1. persóna ég...	þýðing
<b>að...</b>			
búa	búi	byggji	
fá	fái	fengi	
hlæja	hlæi	hlægi	
ná	nái	næði	
sjá	sjái	sæi	
snúa	snúi	sneri	
þvo	þvoi	þvæi	

nafnháttur	viðtengingarháttur I 1. persóna ég...	viðtengingarháttur II 1. persóna ég...	þýðing
<b>að...</b>			
bera	beri	bæri	
fara	fari	færi	
lesa	lesi	læsi	
spyrja	spyrji	spyrði	

## 2.4 Myndir

### 2.4.1 Germynd

Germynd er algengasta sagnmyndin (þessi „venjulega“ sem hægt er að setja í nútíð og þátíð og er lýst í kafla 2.2). Þegar hún er notuð er gerandinn frumlagið í sögninni –gerandinn er að gera það sem sögnin segir til um. Dæmi:

**Ég** sný stólnum. (*Ég er gerandinn, stóllinn er þolandinn, sný er germynd*)  
**Hann** kyssir konuna. (*Hann er gerandinn, konan er þolandinn, kyssir er germynd*).

### 2.4.2 Miðmynd

Í miðmynd vantar stundum geranda eða gerendur eru fleiri en einn

Miðmyndarsagnir enda á **-st** í nafnhætti og **-st** bætist við allar persónuendingarnar. Dæmi:

*Snúast*

*Ég snýst*  
*Þú snýst*  
*Hann snýst*

*Við snúumst*  
*Þið snúist*  
*Þeir snúast*

Ekki geta allar sagnir orðið miðmyndarsagnir. Sögnin lýsir ástandi sem gerist af sjálfu sér eða gagnvirkri aðgerð (tveir eða fleiri gera eitthvað á sama tíma). Dæmi:

*Stóllinn snýst* (*stóllinn er þolandi, snýst er miðmynd (snúast) og það er enginn gerandi*).  
*Þau kyssast* (*hann kyssir hana og hún kyssir hann á sama tíma*).

Miðmynd er líka notuð þegar vitnað er til þess sem einhver segir um sjálfan sig í óbeinni ræðu. Þá fylgir sögn í nafnhætti á eftir. Dæmi:

*Hann segist eiga heima í Hafnarfirði*

Merking miðmyndarsagna er stundum sú sama eða sams konar og germyndarmerkingin, en ekki alltaf. Dæmi:

*Ég heilsa þér og þú heilsar mér = Við heilsumst*

Stundum er merkingin ólík. Dæmi:

*Hann andaði að sér hreinu lofti*  
*Hann andaðist í gær (=hann dó í gær)*

*Hann kom ekki í gær*  
*Hann komst ekki í gær (=Hann gat ekki komið)*

Sumar sagnir eru bara til í miðmynd. Dæmi: *ferðast, nálgast, óttast, tárast*

### Listi yfir algengar miðmyndarsagnir

sögn	athugasemdir	dæmi	þýðing
andast	ekkert andlag Ath. merking!	Hann andaðist úr krabbameini.	
berjast	ekkert andlag	Menn berjast í stríði	
breytast	ekkert andlag; (+í + þf)	Hann hefur ekkert breyst. Barnið breyttist í skrímsli!	
dveljast	+ í/á eða + hjá...+þgf	Ég dvaldist hjá frænku minni.	
eignast	+ þolfall	Hann eignaðist son í gær	
elskast	ekkert andlag	Hjónin elskast	
farast	ekkert andlag. Ath. merking!	ég er að farast úr verkjum. Flugvélin fórst.	
ferðast	ekkert andlag	Ég ferðaðist mikið í sumar.	
finnast	ópersónuleg sögn  ekki óp. sögn	mér finnst gaman í skólanum  Lykillinn finnst ekki	
forðast	+þolfall	Ég forðast saltan mat	
fæðast	ekkert andlag	Barnið fæddist í gær!	
giftast	+þágufall /ekki andlag	Viltu giftast mér? Þau giftust.	
grennast	ekkert andlag	Hann grenntist þegar hann byrjaði að skokka	
heilsast	ekkert andlag	Þau heilsuðust með handabandi	
heyraast	ekkert andlag	Það heyrir vel í útvarpinu	
hittast	ekkert andlag	við hittumst oft í hádeginu	
hræðast	+þolfall	Ég hræðist þig	
iðrast	+eignarfall	Ég iðrast orða minna	
klæðast	+þágufall	hann klæðist jakkafötum	
komast	ekkert andlag	Ég kemst ekki á fundinn af því að ég er upptekin	
krefjast	+eignarfall	Hann krefst launahækkunar	
kúgast	ekkert andlag	Hún kúgaðist af bjórnum	
kyssast	ekkert andlag	Þau kyssast á hverjum degi	
læðast	ekkert andlag	Við læðumst til að trufla engan	



látast	ekkert andlag. Ath merking!	Hann lést sjötugur að aldri	
laumast	ekkert andlag	Hún laumaðist í skápinn og náði sér í súkkulaði	
leiðast	-ópersónuleg sögn -ekki óp. sögn	Mér leiðist. Þau leiðast hönd í hönd	
lengjast	ekkert andlag	Dagurinn lengist á sumrin	
líkjast	(+hvor annar)	Þau líkjast hvort öðru	
meiðast		strákurinn meiddist á hné þegar hann datt	
minnast	+eignarfall	Við minnumst hans	
nálgast	+þolfall	Hann nálgast hana hægt	
óttast	(+þolfall)	Við óttumst ekkert	
rekast	+á/í + þolfall	Ég rakst á Jón í gær!	
sameinast	ekkert andlag	fyrirtækin tvö sameinuðust í fyrra	
segjast	+nafnháttur	Hún segist ætla heim	
seljast	ekkert andlag	Bókin selst vel	
setjast	ekkert andlag	Sestu niður!	
sjást	ekkert andlag	Sjáumst á morgun!	
skemmast	ekkert andlag	Bíllinn skemmdist mikið í árekstrinum	
skrifast	+á	Við skrifumst á	
slasast	ekkert andlag	Konan slasaðist í árekstrinum	
slást	ekkert andlag	Strákarnir slást eins og kettir!	
snúast	ekkert andlag	Jörðin snýst	
styttast	ekkert andlag	Dagurinn styttist á veturna	
sýnast	ópersónuleg sögn +nafnháttur	Mér sýnist veðrið vera gott	
takast	ópersónuleg sögn + að +nafnháttur	Honum tekst aldrei að laga bílinn	
talast	+við	Þeir talast ekki við lengur	
tárast	ekkert andlag	Ég táraðist við jarðarförina	
þarfnast	+eignarfall	Við þörfnumst þín	
þykjast	+nafnháttur	Hann þykist vera ríkur, en hann er það ekki.	
trúlofast	ekkert andlag	Við trúlofuðumst í vor	
týnast	ekkert andlag	Bíllýklarnir týndust í gær	
varast	+þolfall	Vörumst eftirlíkingar	
venjast	+þágufall	Þú venst veðrinu	

### 2.4.3 Þolmynd

Í þolmynd vantar geranda og andlagið er sett í frumlagssæti. Aðalsögnin er í lýsingarhætti þátíðar með sögninni *vera* (eða *verða*) (sjá um myndun lýsingarháttar þátíðar með sögninni *vera* kafla 2.3.4). Dæmi:

Germynd: *Jón **keypti** brauðið í bakaríinu*  
(*Jón* er gerandi, *keypti* er germynd, *brauðið* er þolandi).

Þolmynd: *Brauðið **var keypt** í bakaríinu.*  
(*brauðið* er þolandi, *var keypt* er þolmynd, geranda vantar).

- Stundum er gerandi tilgreindur í forsetningarlið:

*Brauðið var keypt í bakaríinu **af Jóni***

*Bókin var skrifuð **af frægum rithöfundi***

- Þolmynd er oftast í þátíð. Þegar hún er í nútíð tjáir hún oftast endurtekinn verknað.

*Ruslinu **er hent** á hverjum degi*

Sögnin *verða* er notuð ef þolmyndin vísar til framtíðar.

*Húsið **verður málað** á næsta ári*

- Ópersónuleg þolmynd. Sumar sagnir taka ekki andlag en geta samt myndað þolmyndarsetningar. Í stað frumlags kemur ýmist orðið *það* eða sögnin sett fremst í setninguna. Dæmi:

***Það verður dansað** í alla nótt!*

***Dansað verður** í alla nótt!*

***Það var talað um** að hækka launin*

***Það er þrifið** um helgar*

***Sagt var** að hann hefði aldrei kysst konu*

## 3 Óbeygjanleg orð

### 3.1 Inngangur

Óbeygjanleg orð í íslensku eru orð sem beygjast ekkert og eru þess vegna alltaf eins! Þessi orð eru atviksorð, forsetningar, samtengingar og upphrópanir. Þessir orðflokkar eru ólíkir þótt þeir eigi það sameiginlegt að innihalda óbeygjanleg orð.

- **Atviksorð** geta staðið með og lýst sagnorðum. Þau geta líka merkt stað, tíma, neitun, verið spurnarorð eða áhersluorð.

Dæmi: *Hún syngur **vel**.* (lýsir sagnorði, háttaratviksorð)

*Bókin er **þarna*** (staðaratviksorð)

*Ég hringdi **áðan*** (tíðaratviksorð)

***EKKI** tala við mig* (neitun)

***Hvenær** byrja fréttirnar?* (spurnaratviksorð)

*Hún syngur **mjög** vel* (áhersluatviksorð)

- **Forsetningar** eru lítil orð sem stýra föllum. Á eftir forsetningum standa fallorð en munið að það kemur aldrei nefnifall á eftir forsetningum!

Dæmi: *Ég fer í skólann **á** morgnana*

*Anna hugsar **um** hundinn sinn*

*Viltu koma **með** mér í bíó?*

*Talaðu **við** mig*

- **Samtengingar** tengja saman orð, setningahluta og setningar.

*Ég **og** þú erum vinir*

*Viltu tala við mig í dag **eða** á morgun?*

*Rósa ætlar í Bláa Lónið **en** Gústi ætlar í vinnuna*

*Ég vil vita **hvort** þú ætlir að hringja.*

*Þetta er maðurinn **sem** ég elska*

- **Upphrópanir** eru lítil orð sem tjá viðbrögð þannig að fólk hrópar eitthvað eins og **svei! Já! Nei! Jæja! Hey! Æ! Ái!**

### Orðaröð og óbeygjanleg orð

Þegar atviksorð eða forsetningaliður er sett **fremst í setningu** færast frumlagið í þriðja sæti en sögnin heldur áfram að vera í öðru sæti. Dæmi:

*Ég sit **hérna** → **Hérna** sit ég*

*Ég fór í bíó **í gær** → **í gær** fór ég í bíó*

Samtenging breytir ekki orðaröð í setningu, en aukasetning fremst í málsgrein hefur áhrif á orðaröð aðalsetningar.

*Hann fór í bíó **en** ég var heima*

**Þegar hann fór í bíó, var ég heima**

### 3.2 Atviksorð

**Háttaratviksorð** lýsa því hvernig eitthvað er gert og þau standa með sagnorðum. Mörg háttaratviksorð enda á **-lega**. Beygjast ekkert!

Dæmi:

Hún syngur **vel** en dansar **illa**  
Myndin endar **hræðilega**  
Mér líður **undarlega**  
Prófin ganga **ágætlega**  
Vinnan gengur **sæmilega**

**Staðaratviksorð** segja til um hvar eitthvað er... (eða hvert eitthvað fer...). Athugið að þessi orð eru háð samhenginu sem þau eru sögð í. Ef kona er til dæmis stödd í Kringlunni og segir orðið „hér“ þá meinar hún staðinn þar sem hún er, þ.e. Kringluna!

Bókin er **hérna** en penninn er **þarna**  
Viltu halda veisluna **hér**?  
Verða margir **þar**?  
Ertu að fara **þangað** eða ertu að koma **hingað**? Ég var að koma **þaðan**.  
Ertu **héðan**? (=frá þessum stað?)

**Tíðaratviksorð** segja til um hvenær eitthvað er gert... Athugið að þessi orð eru oftast háð samhenginu sem þau eru sögð í. Það er bara hægt að nota orðið **þá** sem tíðaratviksorð ef fólk veit af samhenginu um hvaða tíma er verið að tala.

Dæmi: Í gamla daga vann fólk frá morgni til kvölds. Þá vann fólk erfið störf.  
(**Þá=í gamla daga** í þessu samhengi).

Hann burstaði tennurnar **áður** en hann fór að sofa  
Ég fór í bæinn **áðan**  
Hann ætlar í vinnuna **á eftir**  
Ég ætla að læra **seinna**  
Við fréttum þetta **síðar** í vikunni  
**Nú** er ég gömul en **þá** var ég ung!  
Á morgun kemur nýr dagur og **þá** ætla ég að byrja nýtt líf  
Ég kom inn og **þá** byrjaði síminn að hringja  
Ég er þreytt **núna**

Við drekkum **alltaf** kaffi á morgnana  
Þið horfið **oft** á sjónvarpið  
Hann fer **stundum** á bar á kvöldin  
Hún les **sjaldan** glæpasögur  
Ég reyki **aldrei**

**Neitun** er orðið **ekki**. Það er notað með öllum orðflokkum til að tjá neitun.

Með sagnorði: *Ég borða **ekki** fisk*  
Með nafnorði: *Þetta er **ekki** fiskur*  
Með lýsingarorði: *Hann er **ekki** skemmtilegur*  
Með atviksorði: *Hún syngur **ekki** vel*  
Með fornafni: *Ég elska þig, **ekki** hann*  
Með forsetningu: *Ég fer **ekki** með þér í ferðina, ég fer með honum*

**Spurnaratviksorð** eru þau spurnarorð sem tilheyra ekki fornöfnum, þ.e.a.s þau sem ekki beygjast. Þau eru: *hvenær, hvar, hvaðan, hvert, hvernig, hversu (hve), hvaða*

Dæmi:

**Hvenær** ætlar þú að fara í vinnuna? Ég fer klukkan hálf nú  
**Hvenær** komstu til Íslands? Ég kom fyrir tuttugu árum  
**Hvenær** eru fréttirnar í sjónvarpinu? Þær eru klukkan sjö

**Hvar** áttu heima? Ég á heima á Egilsstöðum  
**Hvar** eru lyklarnir mínir? Þeir eru í skúffunni  
**Hvar** verður veislan? Hún verður heima hjá mér

**Hvaðan** ertu? Ég er frá Ítalíu  
**Hvaðan** kom flugvélin? Hún flaug frá Bangkok  
**Hvaðan** kemurðu núna? Ég kem úr vinnunni

**Hvert** ertu að fara? Ég er að fara í vinnuna  
**Hvert** ferðu í sumarfrí? Ég fer til Spánar  
**Hvert** ætlar þú að flytja? Ég flyt til Akureyrar

**Hvernig** eru augun þín á litinn? Þau eru brún á litinn  
**Hvernig** líður þér? Mér líður mjög vel  
**Hvernig** ætlar þú að borga? Ég ætla að borga með visakorti

**Hversu** lengi hefur þú búið á Íslandi? Ég hef búið á Íslandi í sjö ár  
**Hversu** margir búa á Íslandi? Á Íslandi búa um 300.000 manns  
**Hversu** oft hefur þú séð Norðurljósin? Ég hef séð þau fjórum sinnum  
**Hve** mikið kaffi viltu? Bara hálfan bolla, takk

**Hvaða\*** kona var að hringja? Það var mamma mín  
**Hvaða** bíl átt þú? Ég á þennan rauða Volvo  
**Hvaða** matur er uppáhaldsmaturinn þinn? Grillað lambakjöt er uppáhaldsmaturinn minn.

\*Spurnarorðið *hvaða* er alltaf hliðstætt nafnorði – það kemur alltaf nafnorð við hliðina á *hvaða*.

Nokkur spurnarorð eru samsett úr forsetningu og spurnarfornafni. Þau eru: *Af hverju, til hvers og hvers vegna*. Þau hafa öll svipaða merkingu, verið er að spyrja um tilgang, orsök eða afleiðingu. Dæmi um notkun:

**Af hverju** borðar þú grænmeti? Af því að það er hollt og gott fyrir mig  
**Af hverju** fluttir þú til Íslands? Af því að mig langaði að prófa eitthvað nýtt  
**Af hverju** keyrir þú í vinnuna? Af því að ég nenni ekki að labba

**Til hvers** notar þú straujárn? Til þess að strauja skyrtturnar mínar  
**Til hvers** er þessi takki? Hann er til þess að kveikja á tækinu  
**Til hvers** ferðu í leikfimi? Til þess að mér líði vel

**Hvers vegna** svarar þú ekki í símann? Vegna þess að ég er upptekin  
**Hvers vegna** er svona kalt á Íslandi? Vegna þess að Ísland er í Norður-Atlantshafi  
**Hvers vegna** fórstu til læknis? Vegna þess að mér var illt í maganum

**Áhersluatviksorð** eru notuð með lýsingarorðum (eða fornöfnum) eða öðrum atviksorðum til að leggja áherslu á þau eða skýra þau nánar. Dæmi:

Ég er **mjög** svangur  
Það er **alveg rosalega** gaman í skólanum  
Það er **frekar** kalt í dag  
Mér líður **svólítið** illa  
Það eru **ótrúlega** margir sem fara til útlanda í sumarfrí

Dæmi um orð sem leggja mikla áherslu á það orð sem þau standa með. Sum þeirra eru aðallega notuð í talmáli - talmálsorðin eru merkt með \*stjörnu\*:

Mjög, alveg, stórkostlega, ákaflega, afskaplega, einstaklega, sérstaklega, rosalega\*, svakalega\*, brjálæðislega\*, æðislega\*, ótrúlega\*, ógeðslega\*, meiriháttar\*, ferlega\*, geðveikt\*

Það var **ákaflega** ánægjulegt í kaffiboðinu hjá Jónu

Það var **ógeðslega** \* **geðveikt**\* gaman í partýinu hjá Magnúsi

Dæmi um orð sem leggja ekki eins mikla áherslu – en þó töluverða áherslu:

frekar, fremur, heldur, sæmilega, þokkalega

Það er **fremur** auðvelt að fá vinnu núna

Það er **sæmilega** gott veður í dag.

Orð sem draga úr vægi eða leggja litla áherslu á orðin sem þau standa með:

Svolítið, dálítið, pínulítið, smá, smávegis

Það er **dálítið** erfitt að læra íslensku  
Anna er **svólítið** feimin

### 3.3 Forsetningar

Forsetningar eru lítil orð sem stýra föllum. Það getur tekið tíma að læra að nota forsetningar rétt vegna þess að notkun þeirra er oft mjög ólík milli tungumála og erfitt að þýða þau beint. Merking þeirra getur verið mismunandi eftir samhengi. Svo þarf að vita hvaða falli eða föllum þau stýra. Þess vegna eru forsetningar hættulegur orðflokkur þótt hann virðist mjög saklaus!

**Staðarforsetningar** gefa til kynna **hvar** eitthvað er. Þær eru:

í, (ofan í), (inni í)  
á, (ofan á)  
fyrir framan  
fyrir aftan  
á bak við  
undir  
yfir  
fyrir ofan  
við hliðina á  
hægra megin við  
vinstra megin við  
hjá  
á móti  
á milli

#### **Forsetningar sem stýra þolfalli**

*um, gegnum, kringum, fyrir framan, fyrir aftan*

#### **um**

Ég hugsa **um** þig  
**Um** hvað ertu að tala?  
Ég skal sjá **um** börnin í dag

#### **(í) gegnum**

Hann kýldi **gegnum** gluggann!  
Ég sé **í gegnum** þig!

#### **(í) kringum**

hann gengur **kringum** húsið  
hann fer **í kringum** þetta eins og köttur **kringum** heitan graut

#### **fyrir framan**

Hún stendur **fyrir framan** spegilinn  
Bíllinn stendur **fyrir framan** bílskúrinn

## **fyrir aftan**

Kötturinn er **fyrir aftan** manninn  
Garðurinn er **fyrir aftan** húsið

## **Forsetningar sem stýra þágufalli**

*frá, að, af, úr, ásamt, gagnvart, handa, á móti, undir*

### **frá**

Gjöfin er **frá** mér!  
Viltu segja mér **frá** ferðinni?

### **að**

Hvað er **að** þér, maður?  
Ég gekk **að** hillunni til að sækja bók  
Við öndum **að** okkur fersku lofti

### **af**

Taktu diskana **af** borðinu  
Ég hef miklar áhyggjur **af** henni  
Enginn **af** nemendunum hafði lært heima

### **úr**

Hann fór **úr** jakkanum  
Blússan er **úr** silki

### **ásamt**

Hann fór til Króatíu **ásamt** konu sinni og börnum

### **gagnvart**

Hann hefur verið heiðarlegur **gagnvart** okkur

### **handa**

Ég bakaði köku **handa** þér  
**Handa** hverjum er þetta bréf?



## á móti

Ég er **á móti** reykingum  
Húsið er beint **á móti** bankanum

## Forsetningar sem stýra þágufalli og þolfalli

í, á, með, eftir, undir, yfir, við, fyrir

### í

**kyrrstaða - þágufall:** Ég er **í skólanum**  
Það er skemmtilegt **í vinnunni**

**hreyfing – þolfall:** Ég geng **í skólann**  
Ég ætla **í vinnuna**

### á

**kyrrstaða – þágufall** Lyklarnir eru **á borðinu**  
Ég er **á kaffihúsinu**

**hreyfing – þolfall** Hann setur lyklana **á borðið**  
Ég fer **á kaffihúsið**

### Með

**Hlutur (eða manneskja sem ræður ekki aðstæðunum) – þolfall**

Ég fer út **með ruslið**  
Ég fer **með barnið** á spítala

**Manneskjur sem eru jafningjar, báðir vilja það sama og ráða aðstæðum - þágufall**

Viltu koma **með mér** í bíó?  
Ég fer **með barninu** í leikhús

**Eittvað sem fylgir með - þágufall**

Má bjóða þér brauð **með smjöri** og osti?

### Eftir

...tekur **oft** þolfall **Bókin er eftir frægan rithöfund**  
Er þetta rusl **eftir þig?**  
Hann fór heim **eftir fundinn**

...en **stundum** þágufall

Þú ert **á eftir** mér í röðinni

**Á eftir** bolta(num) kemur barn  
Það var alveg **eftir** henni að gleyma lyklunum heima!  
Við göngum **eftir** veginum  
Ekki hafa það **eftir** mér..en ég frétti að þau væru að skilja!

### **Undir**

**Kyrrstaða – þágufall:** Skórnir eru **undir borðinu**

**Hreyfing – þolfall:** hann setti skóna **undir borðið**

### **Yfir**

**Kyrrstaða – þágufall:** ljósið hangir **yfir borðinu**

**Hreyfing – þolfall:** farðu **yfir götuna** á ljósunum

### **við**

**....tekur oftast þolfall** Talaðu **við mig** á eftir  
Viltu hafa samband **við mig** eftir helgi  
Mér líkar vel **við hana**

**...en stundum þágufall.** Útsýnið blasir **við mér** út um gluggann  
Gjaldkerinn tekur **við greiðslunni**  
Strætóbílstjórinn brosti **við mér**

### **fyrir**

**..tekur oftast þolfall.** Viltu fara út í búð **fyrir mig?**  
Við þurfum að undirbúa okkur **fyrir veisluna**  
Það þarf að vera búíð að borga **fyrir föstudaginn**

**...en stundum þágufall.** Ég get ekki unnið **fyrir símanum**. Hann er alltaf að hringja!  
Farðu frá! Ég er að ryksuga og þú ert **fyrir mér!**  
Viltu lýsa íbúðinni **fyrir mér?**  
Við skulum bera virðingu **fyrir eldra fólki**

### **Forsetningar sem stýra eignarfalli**

til, án, auk, á milli, vegna

### **til**

Þessi pakki er **til** þín.  
Það verður að taka tillit **til** fólks  
**Til** hvers er þessi takki?

## án

Ég sé ekkert **án** gleraugna  
Ég vil ekki fara **án** þín

## auk

Í veisluna komu vinir mínir **auk** nokkurra ættingja  
Ég ætla að baka þrjár kökur. **Auk** þess verður heitur réttur og snúðar

## á milli

Síminn er **á milli** lampans og blómsins  
Leyndarmálið er **á milli** mín og þín

## vegna

Hann talaði við yfirmann sinn **vegna** launanna  
Ég gerði þetta **vegna** þín  
Það er kalt úti **vegna** þess að það er komið haust

## Nokkur orðasambönd

Að hringja í + þf	Hann hringir í hana á hverju kvöldi
Að ná í + þf	Það gengur illa að ná í þig!
Að hugsa um + þf	Þau hugsa vel um börnin sín
Að kunna við + þf	Ég kann ekki við litinn á hárinu á þér
Að þykja vænt um + þf	Mér þykir vænt um fjölskylduna mína
Að líka við + þf	Mér líkar vel við konuna á efri hæðinni
Að hafa samband við + þf	Viltu hafa samband við skrifstofuna sem fyrst
Að lýsa fyrir + þgf	Viltu lýsa fyrir mér aðstæðunum?
Að eyðileggja fyrir + þgf	Ekki eyðileggja fyrir mér
Að bera virðingu fyrir + þgf	Unglingar bera enga virðingu fyrir fullorðnum lengur!
Að fara í taugarnar á + þgf	Draslið hér inni fer í taugarnar á mér
Að líta við + þgf	Hann lítur ekki við henni
Að fylgjast með+ þgf	Þú verður að fylgjast með leiknum í kvöld!
Að hafa trú á + þgf	Ég hef enga trú á þessum manni í þetta starf
Að hafa áhyggjur af + þgf	Ekki hafa áhyggjur af honum, hann stendur sig vel
Að eiga framtíð fyrir sér	Hann á enga framtíð fyrir sér í þessari vinnu
Að hugsa til + ef	Ég hugsa til þín á hverjum degi

### 3.4 Samtengingar

**Samtengingar** tengja saman orð, setningahluta og setningar. Þær skiptast í aðaltengingar og aukatengingar.

- **Aðaltengingar** tengja saman orð eða aðalsetningar. Þær eru: *og, eða, en, heldur, enda*. Dæmi um notkun:

**og** – límir saman orð eða setningar, merkingin er „bæði“

*Jón og Edda eru gift*

*Ég fór út í búð **og** þú fórst í banka*

**eða** – sundurgreinir, merkingin er „annað hvort“

*Hvort viltu kaffi **eða** te að drekka?*

**en** – tengir setningar, merkingin er „hins vegar“

*Ballið var búið klukkan tvö **en** ég fór heim klukkan eitt*

**heldur** – taka eitt fram yfir annað, merking „frekar“

*Ég vil ekki kaffi **heldur** te (=ég vil te, ekki kaffi)*

**enda** – orsakatenging

*Hún kom ekki vinnuna **enda** er hún veik*

- **Aukatengingar** tengja aukasetningar við aðalsetningu eða aðra aukasetningu. Aukatengingar byrja alltaf á aukatengingu! Þær eru mjög margar t.d.:

*að, hvort, þegar, síðan, eftir að, þangað til, þar til, um leið og, ef, nema, af því að, þar sem, úr því að, fyrst, sökum þess að, svo að, til þess að, til að, þótt, þó að, enda þótt og þrátt fyrir að, sem, er, hvað sem, hvar sem, hvernig sem, hvenær sem.*

Dæmi:

**Falltenging**

**að** *Ég vildi **að** það kæmi sumar  
Hann segir **að** hún sé frábær*

**Spurnartenging**

**hvort** *Hún spurði **hvort** þú værir heima*

**Tímatengingar**

**þegar** *Síminn byrjaði að hringja **þegar** ég kom inn  
**þegar** ég verð stór, ætla ég að verða lækni*

**síðan** *Ég hef verið á Íslandi **síðan** árið 1997  
Ég hef alltaf farið í sveit á sumrin **síðan** ég var lítill*

**eftir að** *Eftir að þú fórst hefur verið tómlegt heima  
Ég hef ekki getað gengið **eftir að** ég lenti í slysinu*

**þangað til (=þar til)** *Ég bíð **þangað til** strætó kemur*

**þar til (=þangað til)** *Ég verð úti **þar til** það fer að rigna*

**um leið og (=á sama tíma)** *Ég kom inn **um leið og** þú komst inn*

### **Skilyrðistengingar**

**ef** *Ég skal hjálpa þér **ef** þú hjálpar mér  
Ég fer í ferðina **ef** það verður gott veður*

**nema** *Þú færð ekki launahækkun **nema** þú biðjir um hana!  
Hún hjálpar þér ekki **nema** þú hjálpir henni*

**Orsakatengingar.** Þær þýða allar það sama!

**af því að** *Ég borða ekki fisk **af því að** ég er með ofnæmi fyrir honum*

**þar sem** ***þar sem** ég hef ofnæmi fyrir fiski, borða ég hann ekki*

**úr því að** *Ég ætla ekki í ferðina **úr því að** þú ferð ekki*

**fyrst** *Hann ætlar að hætta í vinnunni **fyrst** hann fékk ekki launahækkun*

**sökum þess að** *Hann ætlar að hætta í vinnunni **sökum þess að** hann fékk ekki launahækkun*

### **Afleiðingartenging**

**svo að** *Veðrið var **svo slæmt að** skólanum var lokað  
Veðrið var slæmt **svo að** skólanum var lokað*

### **Tilgangstenging**

**til (þess) að** *Ég tek lyfin **til þess að** mér líði betur  
Takkinn er **til þess að** kveikja og slökkva á sjónvarpinu*

### **Viðurkenningartengingar**

**þótt (þó að)** *Ég fer í ferðina **þótt** veðrið verði slæmt  
Ekki svara í símann **þó að** hann hringi!  
Strákurinn er skemmtilegur **þótt** hann sé erfiður*

**Enda þótt** ***Enda þótt** veðrið verði brjáláð, ætla ég í ferðina!*

**þrátt fyrir** ***þrátt fyrir** erfiðan dag, gat Helga slappað af þegar hún kom heim*

### **Tilvísunartengingar**

**Sem** *Þetta er maðurinn **sem** ætlar að kaupa íbúðina mína  
Konan, **sem** á heima á móti mér, heitir Stína*

**Er (=sem**, notað í formlegu máli) *Fólkið er býr hér, er frá Danmörku*

**Hvað sem** *Ég ætla að kaupa þennan bíl, hvað sem hann kostar!*

**Hvar sem** *Hvar sem ég verð, mun ég hugsa til þín*

**Hvernig sem** *Ég ætla í ferðina, hvernig sem veðrið verður!*

**Hvenær sem** *Ég hlakka til, hvenær sem sumarið kemur!*